

---

# FORNLEIFAR Í LANDI KVÍSKERJA I:

*SKRÁNING FORNLEIFA Í HEIMATÚNI OG NÆSTA NÁGRENNI*

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2012  
FS471-11101



*Forsíðumynd er af Mikkelssenvörðu sem danskur landmalingamaður með því nafni blóð á Bæjarskeri árið 1904.  
Ljósmynd: Elin Ósk Hreiðarsdóttir*

©2012  
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
BÁRUGÖTU 3  
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033  
FAX: 551 1047  
NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
[www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
2. Kvísker í heimildum í aldanna rás.....	7
<i>Elsti vitnisburður um búsetu.....</i>	<i>7</i>
<i>Elstu ritheimildir um Kvísker .....</i>	<i>7</i>
3. Löggjöf um fornleifar .....	11
4. Fornleifaskrá .....	13
5. Niðurstöður .....	55
<i>Umbverfi og náttúrufar .....</i>	<i>55</i>
<i>Búskapur á Kvískerjum.....</i>	<i>56</i>
<i>Efnismenning og byggingaarfur .....</i>	<i>59</i>
6. Lokaorð .....	65
Heimildaskrá .....	67

Viðauki: Hnit í landshnitakerfi (ISN93)






## 1. Inngangur

Bæjarstæði Kvískerja er efst í sléttuðu túni, undir grónu felli sem nefnist Bæjarsker. Norðan bæjarins rís Öräfajökull og að sunnan brotnar útsjávaraldan. Kvísker er austasti bær í gamla Hofhreppi í Öräfum og margar völdugar jökulár, sem voru illfærar fyrir tíma brúanna, renna milli bæjarins og næstu bæja, bæði í austri og vestri. Sökum þessa hafa Kvísker oft verið talin einangraðasta jörð landsins.<sup>1</sup>

Lítið er vitað um búskap á Kvískerjum á fyrstu öldum en hann hefur ætíð mótast mikið af þeim takmörkunum sem landslag og náttúruöfl hafa búið honum, af vaxandi/hopandi jöklum, ágengum jökulám og hafnlausri ströndinni. Óblíð náttúra og erfið búsetuskilyrði hafa án efa verið ein helsta ástæða þess að jörðin lagðist nokkrum sinnum í auðn um skeið á fyrri öldum.

Sú saga svæðisins hvað best er þekkt, er eðlilega saga síðustu alda, frá 19. og fram á 21. öld. Á þessu skeiði hafa gríðarlegar breytingar orðið á gróðurfari og landslagi og búskaparskilyrðum.

Þessum breytingum löguðu bændur á Kvískerjum sig að hverju sinni, eins framalega og auðið var. Á Kvískerjum er enn búið þó ekki sé lengur stundaður búskapur á bænum. Sauðfé frá Hnappavöllum og Hofi gengur enn um landareignina og tún eru slegin. Á



*Kvísker í Öräfum, merkt með rauðum kassa. Loftmynd fengin á vef Landmælinga Íslands*

Kvískerjum búa bræðurnir Helgi og Hálfván Björnssynir sem hafa ásamt systkinum sínum og foreldrum, sem nú eru látin, unnið að uppbyggingu jarðarinnar á 20. öld, bæði sem bújarðar og

<sup>1</sup> Sjá t.d. Árbók Ferðafélagsins. 1937, 30. Næsti bær austan við er Reynivellir en þangað eru um 28 km en að vestan er næsti bær Hnappavellir, um 12 km vestan við Kvísker.

fræðaseturs. Það var til heiðurs Kvískerjasystkinum sem hinn svokallaði Kvískerjasjóður var stofnaður árið 2003. Úr honum fékk höfundur styrk á vordögum 2009 til að safna heimildum um fornleifar á Kvískerjum og nágrenni. Með mótframlagi frá Fornleifastofnun Íslands varð það úr að heimildakönnun var unnin fyrir allar jarðir í Örafum og skýrslu skilað um verkefnið vorið 2010.<sup>2</sup> Síðasta vetur var aftur sótt um styrk frá sjóðnum, nú til að kanna fornminjar í landi Kvískerja á vettvangi. Fornleifastofnun Íslands lagði aftur til mótframlag vegna ferðakostnaðar en sótt var um til sjóðsins fyrir öðrum kostnaði við vettvangsskráningu og úrvinnslu hennar. Um 60% af umbeðnum styrk fékkst og því hófst vettvangsrannsókn haustið 2011. Lagt var upp með að safna fróðleik hjá Kvískerjabræðrum og skrá minjar í heimatúni og í nágrenni þess. Skráningin gekk vel og áður en yfir lauk hafi náðst að skrá 41 fornleif af þeim 53 sem þekktar eru í landi Kvískerja eða um 77% af minjastöðum.

Góðir heimildamenn eru gulls ígildi. Við vettvangsskráningu fornleifa er ætíð mikilvægt að hafa upp á staðkunnugum og fróðum heimildamönnum. Þeir luma á fróðleik um líf og störf í sveitum á fyrri árum og geta gjarnan bent á fjölmarga minjastaði til viðbótar við þá sem þekktir eru úr rituðum heimildum. Áður en lagt var af stað að Kvískerjum var haft samband við þá bræður Helga og Hálfmán. Þeir tóku skrásetjara vel og reyndust, eins og við var að búast, óþrjótandi upplýsinganámur um fornleifar og búskaparhætti á Kvískerjum. Við þá voru tekin fjölmörg viðtöl, bæði á meðan vettvangsskráningu stóð og við úrvinnslu gagna. Fróðleiksmola frá þeim er víða að finna í þessari skýrslu og auka þeir mikið á gildi hennar. Þeim bræðrum færi ég kærar þakkir fyrir hlýjar móttökur og gestrisni. Kvískerjasjóður fær einnig þakkir fyrir sitt framlag en það gerði þessa skráningu mögulega.

---

<sup>2</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2011.

## 2. Kvísker í heimildum í aldanna rás

### *Elsti vitnisburður um búsetu*

Fátt er enn vitað um upphaf búsetu á Kvískerjum. Samkvæmt Landnámu var jörðin innan landnáms Hrollaugs Rögnvaldssonar sem náði austur frá Horni til Kvíár – þó ekki sé sjálfs bæjarins getið.<sup>3</sup> Ekki er vitað hvenær búseta hefst á Kvískerjum en niðurgroftur í bæjarhólinn hefur leitt í ljós talsverð ummerki um búsetu undir gjóskulagi frá árinu 1362.<sup>4</sup> Prufuskurðir sem Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur tók á svipuðum slóðum bentu einnig til búsetu allt aftur á 10.-11. öld - þótt Bjarni teldi sjálfur allt eins líklegt að hún gæti hafa verið árstíðabundin á þessum fyrstu öldum.<sup>5</sup>

Svo langt aftur sem heimildir ná virðist Kvískerjajörðin hafa verið í rýrara lagi. Leiða má líkum að því að föst búseta hafi hafist síðar á jörðinni en á þeim jörðum sem næst henni voru, s.s. Fjall, Breiðá og Hnappavellir, en síðasttöldu jarðirnar tvær voru t.d. kirkjujarðir sem bendir til að þær hafi verið meðaltali að gæðum og dýrleika.

### *Elstu ritheimildir um Kvísker*

Elsta þekkta ritheimildin sem getur Kvískerja er máldagi kirkjunnar á Hnappavöllum frá árinu 1343 en í honum kemur fram að kirkjan á Hnappavöllum átti þá skóglendi í landi Kvískerja milli Kambskarðs og Vattarár.<sup>6</sup> Líklega má túlka þessa heimild sem vísbendingu um að Kvísker hafi frá upphafi átt kirkjusókn til Hnappavalla fremur en til en Breiðár þó að kirkjuvegur að síðarnefndu kirkjunni væri aðeins styttri.

Stærsti sögulegi viðburðurinn í sögu Öræfa er án efa gosið frá 1362. Aðeins er varðveitt ein heimild sem kalla mætti samtímaheimild um gosið en samkvæmt henni eyddi það tveimur heilum kirkjusóknum með öllu.<sup>7</sup> Gosið hafði mikil og varanleg áhrif á búsetu í Öræfum sem fram að þeim tíma voru jafnan kölluð Litla-Hérað. Það hefur án efa lagt byggðina í eyði tímabundið en ekkert er vitað um hversu lengi eða hversu stórt svæði lagðist varanlega í eyði. Ekkert er heldur vitað um hversu langt hlé má búast við að hafi orðið á búskap á Kvískerjum. Raunar eru heimildir þöglar um líf og búskap á Kvískerjum allt fram á 16. öld en frá því skeiði hafa varðveist þrjú bréf þar sem getið er um jörðin hafi færst milli eigenda. Árið 1522 kemur fram að Teitur lögmaður Þorleifsson átti Kvísker og er þá jörðin metin á 3 hdr.<sup>8</sup> Í sölubréfi frá 1525 kemur fram að Teitur selur Kvísker Ögmundi biskupi ásamt fleiri jörðum og er þá Kvísker metin tvisvar


<sup>3</sup> ÍF I (Íslensk fornrit, Landnáma), 316-318.

<sup>4</sup> Helgi og Hálfðán Björnssynir, munnleg heimild.

<sup>5</sup> Bjarni F. Einarsson. 1999 og 2010, 1-2 og 9-10.

<sup>6</sup> DI II (Íslenskt fornbréfasafn), 773.

<sup>7</sup> Islandske annaler intil 1578, 226.



*Túnið á Kvískerjum árið 1904 samkvæmt teikningu danskra landmælingamanna. Tölurnar á kortinu er mælingapunktur. Aftar í skýrslunni má sjá sama kort með fornleifamerkingum. Teikningarnar eru í eigu Landmælinga Íslands*

sinum dýrari en áður eða á 6 hdr. og í þriðja bréfinu sem ritað er rúmlega viku seinna fær Ögmundur Ásgrími Ásgrímssyni jörðina til fullrar eignar.<sup>9</sup>

Á 17. öld virðist Kvísker í eigu biskups en frá þeim tíma er varðveitt uppskrift á ástandi húsa á jörðinni sem Brynjólfur biskup Sveinsson lét gera 1661. Samkvæmt því voru þá frekar lítill skáli og búr á jörðinni (hvort um sig þrjú stafgólf), eitt hús sem var fjórir ferfaðmar, tvö hús sem voru tvö stafgólf og að auki

fjögurra faðma löng hlaða. Í uppskriftinni er einnig getið um tvö selhús og annað sagt tveggja faðma langt en hitt einn faðmur.<sup>10</sup> Jarðarinnar er getið í jarðabók frá 1697 og er hún þá talin bændaeign og metin á 6 hdr.<sup>11</sup> Jörðin fór í eyði 1708<sup>12</sup> en ekki er vitað hversu lengi hún var úr byggð. Árið 1727 var stórt gos í Örefajökli sem þó virðist ekki hafa haft afgerandi áhrif á byggðina til lengri tíma. Ekki er vitað hvort búið var á Kvískerjum um þetta leyti en vitað er að jörðin byggist a.m.k. aftur upp á 18. öld og var í byggð milli 1771-1791. Þegar Sveinn Pálsson kom að Kvískerjum árið 1793 var jörðin nýlega farin í eyði og einungis nýtt fyrir stórgripabeit (naut). Sveini virðist hafa litist sémilega á jörðina og hann segir hana hæglega geta framfleytt lítilli fjölskyldu. Hann getur þess sérstaklega að þar sé enn talsvert skógarkjarr sem annars finnst ekki í

<sup>8</sup> DI IX, 92-93. Annað bréf er reyndar varðveitt frá 1525 þar sem Ögmundur er þá sagður selja biskupi Kvísker en líklega er það uppskrift á eldra bréfi (sjá DI IX, 272-274).

<sup>9</sup> DI IX, 273-275.

<sup>10</sup> Sigurður Björnsson. 1998, 29.

<sup>11</sup> Björn Lárusson. 1967, 333

<sup>12</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII, 434

Öræfum utan Skaftafells.<sup>13</sup> Sveinn Pálsson segir að talið sé að Kvísker hafi tilheyrð Breiðamerkurbyggðinni og verið eini bærinn í henni sem hélst í byggð fram eftir 18. öld.<sup>14</sup> Kvísker komust aftur í byggð skömmu eftir að Svein var þar á ferð og hefur haldist í byggð fram á okkar tíma, þó fallið hafi úr einstaka ár. Þar búa enn Helgi og Hálfván Björnssynir en eftir að fækka fór í systkinahópnum og hann að eldast var búskap hætt á jörðinni.

---

<sup>13</sup> Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 289-281.

<sup>14</sup> Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 480.



### 3. Löggjöf um fornleifar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverker eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.



## 4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-081:001). Fornleifaskrá jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu hennar, eignarhaldi og matsverði, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúruvari og búskaparstöðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem þekktar eru. Í tilfalli Kvískerja voru allar fornleifar skráðar í túni og að auki þær fornleifar utan túns sem næst voru bæ, og eru það fornleifar SF-081:001-041. Þar sem ekki fékkst það fjármagn sem þurfti til að ljúka skráningunni var ákveðið að skilja eftir þær fornleifar sem lengst voru frá bæ en með því móti náðist að skrá rúmlega 77% minjastaða á jörðinni. Þær fornleifar sem hafa hæstu númerin, fornleifar SF-081:042-053 hafa hins vegar ekki verið skráðar á vettangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



*Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað*

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

# Skráðar fornleifar á Kvískerjum

• 081011



• 081023

• 081022

• 081021

081013• • 081010

081025

081012A-B

• 081037

• 081026

• 081034

• 081031A-H

• 081033

• 081036

081033•

• 081038

081016•

• 081024

• 081027

• 081032

• 081028



• 081015



Yfirlitsskort sem sýnir dreifingu þeirra minjastæða sem skráðir voru. Innfelda kortið er svo stækkuð mynd af heimátúninu (sjá nánar á næstu síðu). Vatnslitamynd er uppdráttur danskra kortagerðamanna frá 1904 en rauð lína ofan á það mörk túns og útihús eins og þau voru teiknuð upp um 1920. Inn á kortin eru merktar allar minjar innan marka þeirra. Númeramerkingar vísa í samtölu minjastæða í fornleifaskrá hér á eftir. Loftmyndin er Gervihnattamynd í eigu Fornleifastofnunar Íslands (sjá heimildaskrá).

## SF-081 Kvísker


[1343]: "Máldagi Mariukirkju á Hnappavöllum í Örafum [...]. j kvískæria land skog j millvm kambskardz oc vattarar slykur sem hann er." DI II, 773.

[1522 og síðar]: "Skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar. [...] Þessar jarðer átti Teitur Þ(orleifsson) fyrir austan j Hornafyrði sem hann síðar selur Biskup Augmundi. [...] Kuijaskier iijc." DI IX, 92-93.

26. júlí 1525: Ögmundur biskup og Teitur bóndi Þorleifsson skiptast á jörðum og eru þar m.a. Kvísker talin upp sem Ögmundur fær frá Teiti og hún metin á 6 hdr. Er þar líklega verið að vitna í söluna frá því þremur árum fyrr. DI IX, 273.

3. ágúst 1525: "Ögmundr biskup fær Asgrími Ásgrímssyni jörðina Hof í Örafum til fullrar eignar [...]. en jörðina Kvísker fær biskup Asgrími og jörðina Breiðármörk með sex álna trjáreka, en Asgrímr fær biskupi Fjörð og Svínhóla í Lóni." DI IX, 274-275.

1661 "virðist Brynjólfur biskup Sveinsson eiga jörðina eftir því sem fram kemur hjá mönnum sem skrifa þá upp ástand húsa sem tilheyra jörðinni, þ.e. sem biskupinn á. Húsin eru frekar lítil; skáli og búr hvort um sig þrjú stafgólf og eitt hús fjóra ferfaðma. Tvö hús eru tvö stafgólf og fjögurra



Túnakort af Kvískerjum frá því um 1920. Númer eru viðbætur höfundar og vísa í mínjanúmer í fornleifaskrá. Túnakortin eru í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands.

faðma löng hlaða rúmlega faðm að vídd. Auk þess voru tvö selhús og var annað tveggja faðma langt og rúman faðm að vídd en hitt faðm að lengd og vídd. Tættur Selhúsanna sjást enn og eru einu mannvirkin sem nú sjást sem nefnd eru í umræddri skýrslu. Dálítið er það einkennilegt að tekið er fram að engar hurðir fylgi þessum húsum og mun það verða að skiljast svo að ábúandinn, Guðmundur Eggertsson, sem búinn var að búa þarna á seytjanda ár, hafi átt hurðirnar og er því hugsanlegt að hann hafi átt heilt hús, jafnvel fleiri en eitt" Sigurður Björnsson. 1998, 29.

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Kvísker. Bóndaeign. Landsk. 80 ál. eftir jarðab. 1697. Hafa verið eitt ár í eyði, kunna



þó að byggjast. Jarðardýrleiki vj." Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII, 434.

1793 er jörðin í eyði þegar Sveinn Pálson fór um svæðið en Sveinn segir m.a.: "Kvísker eru nýlega komin í eyði, en gætu vel framfleytt lítilli fjölskyldu. Þar eru jafnvel dálítið skógarkjarr til eldiviðar, en ekki á öðrum bæjum í Örafum nema Skaftafelli. Fjölmörg naut eru rekin hingað á sumrin..." Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 278.

1839: Í sóknarlýsingu Sandfells og Hofssóknar segir: "Loksins koma Tvísker, 4 hndr. að dýrleika, í austur frá Hnappavöllum [SF-082], stífra fjögra bæjarleiða lengd, austur á Breiðamerkursandi, stendur undir litlu felli, sem umgirt er jöklum eins og einlægur jökulklassi er bak við [all]ja Örafasveit." Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1997, 150-151.

1847: 6 hndr. Bændaeign. Einnig kallað Tvísker. J. Johnsen. 1847, 5.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir: "Rekafjöru á jörðin fyrir nokkrum parti lands síns. Á jörðunni kann að fóðrast 1 kýr." Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII, 434.

Í sóknarlýsingu Sandfells- og Hofssóknar frá 1839 segir: "Þessi jörð er sára heyskaparlítill, hrossaganga ónýtt, en sauð[fé] má nokkuð hafa hér." Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1997, 151.

Í Sýslu og sóknarlýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Örafum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkursfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...].

Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...]

Sauðfjár- og kúabú hafa menn hér helst.

[...] Á fáum bæjum eru færíkviar hafðar,


og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...]

Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...]

Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...]

Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1997, 151-152.

"Nefndarálitíð fyrir Örafín var bókað 11. maí 1849 [...]. Um Kvísker er



Túnið á Kvískerjum árið 1904 samkvæmt teikningu danskra mælingamanna.


Merkingar vísa til númera í fornleifaskránni hér á eftir. Teikningarnar eru í eigu Landmælinga Íslands

nefndarálitíð á þessa leið: "Bændaeign. Túnið er heldur stórt, en snögg, fóðrar eina kú, engjar eru mjög litlar og erfiðar, en hagar sérlega góðir, að því er þeir nema, en vetrarhart og álízt jörðin geta framfleytt einni kú og 80 fjár. Fjara fylgir jörðinni töluvert löng og heldur rekasæl. Selveiði er í Breiðamerkurós, og fær jörðin landhlut þar af. Silungsveiði er þar einnig lítil. Hagar eru allir undiropnir vatnaágangi og jörðin örðug yfir höfuð nema fjaran, og sér í lagi geta ei hestar orðið hafðir þar á sumrum né vetrum." Við þetta hefði mátt bæta: Skógur nokkur til eldiviðar, hellutak allgott, en torfrista mjög lítil og léleg það sem er. Svartbaks- og skúmsungatekja nokkur. [...] En eftir að kom fram á 20. öld, fór landið að gróa upp smátt og smátt, [...] Um aldamótin 1900 var með naumindum hægt að hafa tvær kýr á sumarhögum, en um 1950 hefði verið hægara að hafa þar 15-20 kýr, auk þess sem hrossabeit var orðin góð. Árið 1960 var einnig orðin góð torfrista á landi, sem var gróðurlaust um 1900." Magnús Björnsson 1976, 57-58. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir ennfremur: "Undirlendi er svo til allt myndað af árframburði og allvíðlent, fjalllendi nokkurt og talsvert gróið". "Gróður er lítill á Kvískerjum og þar í grennd; engar slægjur nema túnið, sem varla gefur af sér nema 50-60 hesta, enda var jörðin stundum í eyði áður fyrr. Það sem nú bjargar búskapnum á Kvískerjum er það, að Kvískerjabóndinn á fjórða hluta úr Fagurhólsmýrinni og sækir heyskap þangað, en langur heyflutningsvegur er það. Auk þess er sauðaland ágætt á Kvískerjum og skógur talsverður fyrir innan og austan bæinn, og þar er víða náttúrufegurð mikil og stórfenglegt. Hvergi í Örafum er fé eins vænt og á Kvískerjum. Samt mundi varla verið búið á þessum afskekta stað, ef ríkissjóður veitti ekki til þessa dálítinn styrk, enda þangað að leita um fylgd yfir sandinn og jökulveginn á Jökulsá. Auk þess hefur byggðin þarna og bóndinn, að minnsta kosti tvisvar bjargað lífi margra strandmanna." Árbók Ferðafélagsins. 1937, 32.

**SF-081:001** *Kvísker* bæjarhóll bústaður

63°58.681N 16°26.160V

Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Loksins koma Tvísker, 4 hndr. að dýrleika, í austur frá Hnappavöllum [SF-082], stífra fjöggra bæjarleiða lengd, austur á Breiðamerkursandi, stendur undir litlu felli, sem umgirt er jöklum eins og einlægur jökulklasi er



*Bæjarhúsin á Kvískerjum haustið 2011*

bak við [all] Örefasveit." Inn á túnakort danskra herforingjaráðsins sem teiknað var 1904 er sýnd aflöng bæjarröð ofarlega í túni. Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt bæjarröð sem samanstendur af 5-6 húsum á sama stað. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1912 var komið upp framhúsi með járnþaki. Árið 1928 var komið upp íbúðarhúsi með járnþaki, og árið 1945 var steipt íbúðarhús." Hús frá 1928, 1945 og 1975 standa í röð á bæjarstæðinu og er innangengt á milli þeirra allra. Á ljósmyndum frá 20. öld má sjá hvernig bæjarröðin breyttist smám saman og enn eru eftir hús úr grjóti og timbri í henni. Ekki er vitað annað en að bærinn hafi alltaf verið á svipuðum slóðum. Engan eiginlegan bæjarhól er að sjá á Kvískerjum og í besta falli má segja að bæjarþyrpingin standi um 0,2 m hærra en umhverfið. Bæjarstæðið er í örhlitum halla til suðvesturs. Það er neðst í afar afliðandi brekkurótum. Sléttuð tún eru allt í kring. Framan (suðaustan) við bæ er lítill skrudgarður með trjám og runnum.

Í grein Einars G. Jónssonar Endurminningar frá Kvískerjum lýsir hann húsakosti þegar hann kom á staðinn árið 1951 en þá var búið að byggja baðstofu og eldhús úr blönduðu efni (1928, sjá A á teikningu) og sömuleiðis fyrsta húsið sem var alfarið úr steinsteypu á bænum (sjá B á teikningu, byggt 1945) en það var byggt þar sem s.k. Þverhús (byggt 1912) stóð áður. Þverhúsið var framhús sem snéri þvert á önnur hús og var með járnþaki. Þar var gestastofa og búr að baki niðri að sögn Helga og Hálfðans Björnssonar og loft yfir. Í grein sinni segir Einar: "Kvískerjabærinn var [árið 1951] vel húsaður, bæjarröð upp frá fallegum skrudgarði og stétt. Vestast var hesthús, þá tók við fjósið [hvort tveggja hefur verið þar sem íbúðarhús frá 1975 stendur nú - en samkvæmt Helga og Hálfðani var enn áður útielhús á sama stað - sjá F á teikningu] og þvínæst stór portbyggð baðstofa, inn af eldhúsi var lítið búr og þaðan innangengt í fjósið. Úr eldhúsinu lá brattur stigi upp í baðstofuna, þar sváfu þær systur Guðrún eldri og yngri í



*Bæjarhús á Kvískerjum. Á vinstri mynd er horft til VNV en myndin til hægri er að húsabaki og horft er til suðausturs*

afþiljuðu norðurherbergi. Smárúðugluggi var á suðurstaftni, síminn að austanverðu og hjónarúmið út við vestursúð. Þar inn með var rúm Flosa, en síðan tók við Sigurðarrúm, en í því svaf ég í fjögur sumur. Ari svaf undir austursúð. Austur af baðstofu var síðan tvílyft steinhús, nýlega byggt [frá 1945] og snéri súð að bæjarhlaði. Þar var anddyri, gestastofa, salerni og smíðaherbergi. Uppi í risi sváfu þeir Sigurður, Ingimundur, Helgi og Hálfðán. Norðan við nýja húsið var svokölluð Norðurhlaða [sjá 002]. Þar var geymdur súrmatur og fleira matarkyns. Austar í húsaröðinni voru kúahlaða [C], smíðja [D] og skemma [E]. Öll voru þessi hús hlaðin og tyrfð nema nýja húsið, þá eru ótalin fjárhús austan túns [036] svo og lítil gripahús í túböltum. Steinsteipt súrheysgryfja var norðan við fjósið."





*Íbúðarhús frá 1928 (A – til vinstri) og smiðja (D – til vinstri). Horft til NNV*

Húsaröðin á Kvískerjum snýr norðaustur-suðvestur. Þær íbúðarhúsabyggingar sem nú standa á bænum voru byggðar í nokkrum áföngum eins og áður kom fram. Innangengt er á milli húsanna og í þeim öllum stigi upp á loft. Ekki eru kjallarar í húsunum. Bæjarröðin er rúmí 60 m á lengd norðaustur-suðvestur en mest rúmí 20 m á breidd. Húsin eru öll byggð á 20. öld en elst þeim er hús A, eldhúsið og baðstofan yfir og húsin allra norðaustast í bæjarröðinni (C, D og E) sem öll eru byggð eftir gamalli byggingarhefð, úr blönduðu efni. Allra suðvestast í bæjarröðinni stendur það íbúðarhús sem nú er búið í og byggt var 1975 (F). Á sama stað stóðu áður tvær burstir þar sem fyrst var útielldhús en undir lokin var fjós. Húsin sjást m.a. á ljósmynd af Kvískerjabænum frá 1959 sem birtist á bls. 39 í Kvískerjabók. Fast norðaustan við núverandi íbúðarhús og sambyggt því er eldhúsið og baðstofan (A). Það var byggt 1928 og stendur enn þó að það sé að verða nokkuð hrörlegt. Húsið er um 4 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur eins og öll hin húsin í bæjarröðinni. Húsið er að mestu byggt úr timbri en til stóð að steypa neðri hluta þess. Þegar til átti að taka hafði hins vegar komist raki í flesta steypupökana sem fluttir voru með skipi til Kvískerja og hún að mestu ónýtt. Það lá á að ljúka við húsið og því var gripið á það ráð að nýta þá steypu sem til var í framstafninn svo langt sem hún náði, en hlaða steinveggi sitt hvorum megin við. Á stafninum miðjum eru gluggar bæði uppi og niðri. Húsið er þiljað. Fyrir norðaustan þetta hús er íbúðarhús úr steini sem byggt var árið 1945, B. Það er steinsteypt og á tveimur hæðum. Þar sem það stendur stóð áður Þverhús sem byggð voru 1912 en þar var gestastofa og búr að baki, og loft yfir. Norðaustast í bæjarröðinni eru svo þrjú hús (C, D, og E) sem að nokkru leyti eru grafin inn í brekkuna að norðvestan. Næst íbúðarhúsinu er fjóshlaðan en hún er nú orðin að tóft. Hún er 3,5 X 9 m að innanmáli og veggir hennar eru grjóthlaðnir en grónir að utan. Þeir eru mest um 2,5 m að hæð en eru víða talsvert hrundir, sérstaklega að norðvestan. Grjóthellur úr þaki sjást hér og þar. Mikið grjót og drasl er inni í tóftinni. Norðvestan við fjóshlöðuna er smiðjan, D, sem enn stendur undir þaki. Hún er hlaðin úr grjóti, með timburgrind og -þili. Húsið er um 7-8 x 3 m að innanmáli. Op er á miðjum suðausturvegg. Veggir eru úr grjóti og hvílir þak hússins á timburgrind. Þakefni er grjóthellur ásamt bárujárnri og er þakið vel gróið að utan. Í smiðjunni er ennþá steðji og ýmis smíðatól. Allra norðaustast í bæjarsamstæðunni er hlaðan/skemman E.





*Kvískerjabærinn á 20.-21. öld. Efri ljósmyndirnar tvær eru úr Kvískerjabók (bls. 31 og 39). Efsta myndin er tekin 1927. Sú í miðjunni er tekin 1959 og neðsta mynd af skýrsluhöfundu árið 2011.*



*Kúahláða (C – til vinstri) og skemma (E) til hægri. Horft til NNW*

Hún er nú tóft og mikið gróin. Hlaðan er um 6 x 4 m stór og veggir hennar eru 0,5 m á hæð þar sem þeir eru lægstir en ná mest 1,5 m hæð þar sem þeir standa best. Skemman hefur verið þiljuð að suðaustan en engar leifar þess sjást nú.

Bjarni F. Einarsson gerði könnunarskurði að húsabaki á Kvískerjum árin 1999 og 2010. Í báðum tilvikum var komið niður á mannvistarleifar frá því fyrir 1362. Áður hafði c14 aldursgreining á sýni úr mannvistarlagi bent til að það væri frá 3. öld en annað sýni sem Bjarni tók á svipuðum slóðum 1999 og greint var og benti til 10.-11. aldar (Sigurður Björnsson 1998:28. Bjarni F. Einarsson 1999:8). Í niðurstöðum uppgrافتar Bjarna frá 2010 segir: "Undir yfirborði á bak við bæinn eru mikil mannvistarlæg sem ná langt aftur fyrir 1362. Voru gólf gjarnan mörg hvert ofan á öðru með mold á milli. Ekki fundust neindir hleðslusteinar, sem hefði verið að vænta ef mannvirkin væru í ætt við bæjarhúsin á Gröf og Bæ í sömu sveit. Því vaknar sú spurning hvort hér séu komnar leifar af seli, sem verið hefur í notkun um langan tíma og jafnvel með hléum. Það gætu skýrt hin mörgu gólfög og hin brenndu bein í sumum gólfanna. Hvort sel í Örafum, eldri en 1362, hafi ekki verið byggð úr grjóti og torfi heldur torfi einu saman vitum við ekkert um að svo komnu máli." Hálfán og Helgi segjast víða hafa komið niður á gamlar leifar á bæjarstæðinu, t.d. byggingar úr snidduhnaus þar sem þeir grófu niður fyrir kyndiklefa og öskuhaugsleifar þar sem þeir byggðu votheysgryfju.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1997, 150-151; Magnús Björnsson. 1976, 58 og túnakort um 1920; Bjarni F. Einarsson. 2010, 1-2 og 9-10, Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1904, Einar G. Jónsson.1998, 25.



**SF-081:002** *Norðurhlað* hús skemma

63°58.680N 16°26.178V

Inn á túnakort frá um 1920 er merkt stakstætt hús fast ofan við (NNA við) eða að baki bæjarröðinni. Húsið stendur enn og er nú innangengt inn í það frá íbúðarhúsi sem byggt var 1945. Það er nú norðaustast í húsaröðinni. Húsið var nefnt Norðurhlað. Slegin tún eru ofan við (NNV) Norðurhlað en íbúðarhúsaröðin á Kvískerjum neðan við.

Norðurhlað er um 9 x 4 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Stærstur hluti hússins er niðurgrafinn og veggir þess eru nær eingöngu úr grjóti ef frá eru taldir suðausturstafn þar sem gengið var inn í húsið um timburpil og efsti hluti norðvesturstafns, en sá hluti nær um 1,5 m upp úr jörðu og er steinsteyptur og með glugga á. Í húsinu er timburgrind og þak þess er úr timbri,

steinhellum, bárujárni og torfi. Það er algróið að utan. Húsið var upphaflega búr. Kvískerjabræður gerðu það upp og hlóðu úr stuðlabergi. Eftir það var húsið fyrst notað sem hlaða en því næst sem búr aftur. Í húsinu var alltaf kalt en það fraus aldrei í því að sögn Kvískerjabræðra. Húsið stendur enn og er í góðu ásigkomulagi. Í því eru stórar frystikistur sem þó eru lítið notaðar nú orðið en Kvískerjabræður segja að hafi h.u.b. rúmað ársforða fyrir fjölskylduna þegar hún var sem stærst. Meðfram veggjum eru hillur þar sem nú eru geymdar glerflöskur og krukkur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920



*Húsið Norðurhlað, horft til suðausturs*

**SF-081:003** *Lambakofi* tóft lambhús

63°58.694N 16°26.139V

Inn á túnakort frá um 1920 er merkt útihús um 20 m norðaustan við bæjarsamstæðuna 001. Sama hús er




*Tóft Lambakofans 003. Á vinstri mynd er horft til vesturs, á mynd til hægri til norðvesturs*

merkt inn á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 þó að þeir sýni húsið reyndar örfáum metrum norðvestar. Húsið var nefnt Lambakofi og tóftir þess sjást enn 10-15 m austan við austustu tóft bæjarsamstæðunnar.

Í sléttuðu túni í afluðandi halla til suðvesturs.

Upphaflega var hesthús á þessum stað samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssonum. Hesthúsið snéri norðaustur-suðvestur eða þvert á Lambakofa sem síðar var byggður og sést enn. Samkvæmt Helga og Hálfadáni voru dyr á hesthúsunum miðjum, á norðaustur-suðvesturvegg og var pláss



Lambhús SF-081:003

fyrir tvö hross sitt hvorum megin við dyrnar. Þegar lambhúsið var byggt var grafið niður á vikurskafl frá 1362 og í honum var stóðarhola niður á stóðarstein þannig að á sama stað hefur verið hús fyrir 1362. Lambhústóftin sem nú er á þessum stað er um 8 x 6 m að utanmáli. Hún er einföld og opin til suðausturs. Veggir hennar eru alveg hlaðnir úr grjóti en tóftin er algróin að utan. Hún hefur sjálfsagt verið örlítið niðurgrafin. Innanmál tóftar er 5 x 2,5 m. Húsið tók um 20 lömb og heyið fyrir húsinn var geymt í austasta húsinu á hólnum, sem kallað var Skemma, enda fyrst notað slíkt. Lambhús var rífið rétt um 1980 og þá var allt rífið úr húsinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna frá

1904.

**SF-081:004** *Hóll* heimild um geitakofa

63°58.660N 16°26.204V

Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús um 20 m frá bæjarsamstæðunni 001, fast við heimreið 009. Húsið er ekki merkt inn á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904



Hóllinn þar sem geitakofi 004 og Sumarfjós 005 voru. Engin ummerki sjást um geitakofann. Horft til suðausturs

og er líklega byggt á milli 1904-1920. Á þessum stað er talsverður hóll sem er um 30 x 20 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Á hólnum og inn í hann hafa verið byggð þrjú hús en geitakofinn var norðaustan þeirra þar sem nú er sléttuð hæð á hólnum.

Samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssonum var á svipuðum slóðum niðurgrafið hús, mögulega haugshús, sem komið var niður á þegar geitakofinn var gerður. Eldra hús var aflangt og niðurgrafið, um 1 m ofan

í jörðina. Ofan á það var svo byggður geitakofi árið 1936 og voru gjarnan 12-16 geitur í kofanum.


Engin ummerki sjást um kofann lengur og hefur þessi hluti hólsins, allra norðaustast, verið sléttaður. Mannvistarleifar leynast þó án efa undir sverði. Húsið var í notkun fram til 1946 en var rífið fljótlega eftir það.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna frá 1904

**SF-081:005** *Sumarfjós* hús fjárhús 63°58.658N 16°26.208V

"...vestur af bæ er Vestratún, í því er Hóll. Framan í honum eru Hólshús," segir í örnefnaskrá. Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús um 30 m VSV við bæjarsamstæðuna 001. Tóft er teiknuð inn á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 á svipuðum stað en er þar sýnt aðeins suðvestar, þar sem heimreiðin virðist liggja um 1920. Mögulegt er því að um eldri tóft sé að ræða og staðsetningu hússins hafi eitthvað verið breytt. Þetta er þó skráð undir sama númeri enda líklega um sama/svipaðan stað að ræða. Fjárhús úr blönduðu efni standa enn á Hólnum á svipuðum stað. Áfast þeim er annar minni kofi sem einnig er úr blönduðu



*Sumarfjós og alifuglahús SF-081:005 horft til vesturs.  
Á teikningu til hægri sjást allar þekktar fornleifar á hólnum.*

efni og var notaður fyrir aligæsir sem voru ræktaðar á Kvískerjum á 4. áratug 20. aldar.

Á þessum stað er talsverður hóll sem er um 30 x 20 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Á hólnum og inn í hann hafa verið byggð þrjú hús og eru þau tvö sem standa á miðjum hólnum skráð saman undir þessu númeri.

Hóllinn sem er á þessum stað í túninu var einfaldlega nefndur Hóll og fjárhúsin stundum Hólshús. Eldra nafn á húsum á sama stað hins vegar Sumarfjós og Helgi Björnsson man eftir húsi þar með básum. Hann segir að það hafi þótt of heitt að hafa kýrnar undir Baðstofunni á sumrin og þá hafi kýrnar ýmist látnar vera úti á sumrin eða hafðar í Sumarfjósinu. Síðar var húsinu breytt í fjárhús og árið 1936 voru húsin alveg endurnýjuð og ný fjárhús byggð á sama stað. Þau standa enn undir þaki. Sambyggt Hólshúsum er minni kofi sem notaður var sem gæsakofi lengi vel en þar inni stóð einnig dráttarvélin fyrsta árið sem hún kom til Kvískerja. Húsin tvö eru samtals 9-10 x 8 m stór og snúa norður-suður. Fjárhúsið er um 3 x 8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Tímbugafl er fyrir suðausturhlið en húsið er byggt inn í brekkuna að norðvestan. Dyr og gluggi eru á gaflinum og húsið er enn undir þaki. Veggir þess eru byggðir úr grjóti og hvílir húsið á tímbugrind. Sambyggtur húsinu að norðan er gæsakofinn. Hann er 4 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Helluþak er á húsinu. Tímbugil er fyrir suðausturhlið. Bæði hús standa undir þaki og eru algróin að utan. Í þeim er geymt ýmiskonar drasl.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna 1904

**SF-081:006** hleðsla kálgarður 65°58.674N 16°26.158V

Inn á túnakort frá því um 1920 er merktur kálgarður og lítill kofi samfastur beint á mótum bæjarhúsnum 001. Heimreið 009 lá á milli bæjar og garðs. Kálgarðurinn og húsið eru einnig



sýnd á eldra korti danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 en þá lá eldri heimreið 039 mitt í gegnum kálgarðinn og til suðurs. Samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssonum var húsið við kálgarðinn útikamar þar til hann var færður upp í bæjarröðina um 1930. Þeir bræður segja að mest hafi verið ræktað af kartöflum í kálgarðinum en rófugarður var áður vestast í honum og örlítið var ræktað af grænkáli á tímabili. Engar leifar kofans sjást lengur en örlítið sést enn móta fyrir kálgarðinum þar sem nú er trjá- og blómagarður fast suðaustan við bæjarröðina á Kvískerjum 001. Tré og runnar eru á grasflöt framan (suðaustan) við bæinn á þessum slóðum í örlitlum halla til suðvesturs.

Á þessu svæði sjást ýmis óljós ummerki kálgarðsins. Norðaustast er ferningslaga niðurgrafið svæði. Hæð niður á botn frá heimreið er um 0,5 m en að suðvestan afmarkar garður svæðið og þar eru 0,7 m niður á jafnsléttu. Aðrar hliðar eru óljósari. Norðvestast á þessu svæði vex svolítill rababari. Þetta svæði er samtals um 12 x 18 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvestan við þennan hluta er skýrasti hluti kálgarðsins. Í honum vaxa há reynitré. Garðurinn er um 28 x 18 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturveggurinn er sémilega skýr og um



*Leifar kálgarðsins SF-081:006 sjást við trjáreitinn, horft til VNV*

0,8 m á breidd en 0,6 m á hæð þar sem mest er. Í og við hann vaxa hins vegar há reynitré. Innri brún suðausturhlið garðsins sést illa en ytri brún og niður á jafnsléttu er sémilega greinileg og 0,2 m há. Suðvesturveggur kálgarðsins er fremur óskýr en þó greinilegur. Beggja vegna hans vaxa rifsberjarunnar. Norðvesturhlið garðsins er víðast hvar óskýr en sést þó helst allra nyrst á 3-4 m kafla. Í garðinum vaxa tré, runnar og blóm. Samkvæmt Hálfadáni var ræktað í garðinum allt fram undir 1970/1980. Norðaustarlega á svæðinu telja Helgi og Hálfadán að annað íbúðarhús hafi verið byggt

um 1860, sjá fornleif 030.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920

**SF-081:007** *Ærhús* heimild um fjárhús 63°58.666N 16°26.090V

Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús um 65m frá bæjarsamstæðunni 001. Húsið er einnig merkt inn á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904. Túnin suðaustan við bæ eru rennislétt og engar leifar hússins sjást lengur.

Örlítill hæð er í túninu þar sem húsin stóðu en annars er ekki hægt að greina nein ummerki um þau. Samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssonum voru þessi hús fjárhús og oftast nefnd Ærhús. Þau voru aðal fjárhús bæjarins á fyrri hluta 20. aldar og voru talsvert stærri en hús 008. Engin hlaða var við þau. Í húsunum var kindabað sem hlaðið var úr stórum grjóthellum og límt með sementslími. Húsið var ekki notað eftir 1940-1950 en um það leyti voru öll útihúsin færð til norðurs, út úr túni (sjá 036) til að ná betri nýtingu á heimatúninu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna

**SF-081:008** *Sumarfjós* heimild um fjárhús 63°58.645N 16°26.079V

Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús tæplega 100 m frá bæjarsamstæðunni 001. Húsið er einnig merkt inn á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 en á henni er það þó fast norðvestan við húsið sem sýnt er á kortinu frá 1920 en líklega er bara smávægileg skekkja í öðru hvoru kortinu sem veldur. Túnin suðaustan við bæ eru rennislétt og engar leifar hússins sjást lengur.

Engin ummerki um húsið sjást. Húsið var ekki notað eftir 1940-1950 en um það leyti

voru öll útihúsin færð til norðurs, út úr túni (sjá 036) til að ná betri nýtingu á heimatúninu. Húsið var kallað Sumarfjós en eins langt og Helgi og Hálfván muna var það fjárhús.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna

**SF-081:009** heimild um leið

63°58.676N 16°26.169V

Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt heimreið fram hjá bæjarhúsum í Kvískerjum, eftir endilöngu túninu (útihús 004-006 voru einnig við heimreiðina) norðaustur-suðvestur. Samkvæmt túnakortinu var heimreiðin um 200 m löng og endaði að suðvestan þar sem Bæjarlækurinn rann niður hlíðina. Heimreiðin er sýnd á sama stað í norðaustanverðum túnunum á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 en samkvæmt henni hefur hún legið úr norðaustri að bæ og (þar snarbeygði hún - sjá 039). Suðvesturhluti heimreiðarinnar, er samkvæmt þessu, yngsti hlutinn en þar liggur nú (2011) malarvegur að bæ, sem endar í litlu bílastæði suðvestan við íbúðarhúsið. Aðrir hlutar heimreiðarinnar sjást ekki lengur en helst er að greina megi svolitla upphleðslu á milli íbúðarhúsanna á Kvískerjum og kartöflugarðs 006. Norðaustan taka við sléttuð tún. Samkvæmt Helga Björnssyni lá heimreiðin neðan við stall efst í túninu norðaustan við bæ 001. Þar sem vegurinn lá er nú malarborin heimreið og sléttuð tún.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Túnakort frá því um 1920 og Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna

**SF-081:010** náma

63°58.943N 16°26.439V

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir um Kvísker: "[...] hellutak allgott, [...]." Samkvæmt þeim Helga og Hálfváni Björnssonum er mjög auðvelt aðgengi að hleðslugrjóti í landi Kvískerja enda voru öll útihús byggð úr grjóti þar langt fram eftir 20. öld og þakhellur notaðar í flest þök. Grjótið var oftast fengið af Bæjarskeri fyrir norðan bæinn. Grjótið var tekið víðs vegar á skerinu og það sem næst var bæ var einfaldlega rúllað niður hlíðarnar að bæ. Ein greinilegasta grjótnáman er sú sem er nyrst á Bæjarskerinu og var notuð langt fram eftir 20. öld. Hún er um 540 m NNV við bæ 001. Mosa- og lyngivaxin urð er allt umhverfis.

Grjótnámið er enn vel greinilegt, það er 12 x 9 m stórt og snýr NNA-SSV. Dýpt þess er mest 1,5 m og bakkar þess aflíðandi. Þakhellur voru líka fengnar nálægt Kvía/Kvíárfjalli samkvæmt upplýsingum frá þeim bræðrum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**BAS III, 57




*Náma SF-081:010, horft til VNV*

**SF-081:011** hleðsla refagildra

63°59.186N 16°26.150V

Refagildra er í Gontunum í Austurhvammi, um 940 m norðan við bæ 001. Mosa- og lyngivaxið er umhverfis. Gildran er á toppi hæðar, byggð á klöpp.



Á ljósmynd til vinstri stendur Hálfván Björnsson við refagildruna SF-081:011. Horft til VSV

Gildran er 2,5 x 1 m að stærð. Hún er talsvert hrunin og grjótt hennar vaxið skúfum og mosa. Gildran snýr norðvestur-suðaustur. Að suðaustan sést hvar stokkurinn hefur legið í gegnum hana og má sjá glitta í hvernig hann liggur í gegnum alla grjóthrúguna. Annars er erfitt að sjá mikið lag á grjóthrúgunni sem er mest um 0,3 m á hæð. Gildruna fann Hálfván



Refagildra SF-081:011. Á mynd til vinstri er horft til suðurs. Mynd til hægri sést stokkurinn í gegnum gildruna, horft til norðvesturs

Björnsson fyrir nokkrum árum í göngu um svæðið. Ekkert er vitað um aldur hennar.

**Hættumat:** engin hættu

**SF-081:012** hleðsla skotbyrgi

65°58.912N 16°26.291V

Tvö óljós mannvirki eru um 50 m ofan við (vestan) við Mikkelsenvörðu 037. Afar óljós slóði liggur um 5 m ofan við (vestan við) austara mannvirkið, A. Umhverfis er mosa- og lyngivaxinn toppur Bæjarskersins.



Á þessu svæði eru tvö óljós mannvirki og eru 15-20 m á milli. Austar er skýrari hleðsla, A.



Mögulegt skotbyrgi SF-081:012, tóft A. Á vinstri mynd er horft til austurs og sést í fjaska í Mikkelsenvörðu 037. Á myndinni til hægri er horft til norðurs

Hún virðist af litlum kofa, er 2 x 1,3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mikið hefur hrunið inn í kofann en norðausturveggur er skýrastur eða 0,6 m hár og sjást þar 3 umför af grjóthleðslu. Grjótið í tóftinni er vaxið mosa og skúfum. 15-20 m vestan við A er önnur hleðsla



Mögulegt skotbyrgi SF-081:012, tóft B. Á vinstri mynd er horft til suðausturs en til suðvesturs á hægri mynd

áþekk, en óskýrari, B. Hún er 3 x 2 m stór og er í raun bara grjóthrúga, mest 0,4 m há. Ekkert er vitað um hlutverk þessara mannvirkja en Kvískerjabræðurnir Helgi og Hálfván Björnssynir töldu helst að þarna hefði verið skotbyrgi.

**Hættumat:** engin hættu


**SF-081:013** mannvirki

63°58.938N 16°26.488V

Í grein Sigurðar Björnssonar (í Kvískerjabók) segir: "Árið 1927 var komið upp rafstöð á

Kvískerjum við bæjarlækinn [038]. Helgi Arason á Fagurhólsmýri sá um uppsetningu. Fallhæð var lítil en stöðin nægði þó til ljósa og að nokkru til suðu þegar meðal vatn var í læknum, en hann varð of lítill í þurrkum og ekki var aðstaða til að bæta hann meðan Björn var á lífi en árið 1955 var af sonum hans reist önnur stöð sem hefur meiri orku." Þegar rafstöð við Bæjarlæk 038 úreltist var byggð ný rafstöð úr blönduðu efni við Bæjarsker. Rafstöðin er um 550 m norðvestan við bæ 001. Rafstöðin er í dæld á milli stórs kletthamars og fjallshlíðar og þar á milli rennur lækur. Umhverfis er lyngivaxin urð.

Rafstöðvarhúsið telst ekki til fornleifa lögum samkvæmt enda byggt rétt eftir miðja 20.



*Ljósmynd og teikning af rafstöðvarhúsinu SF-081:013. Á ljósmynd er horft til NNV*

öld. Það er þó skráð sökum þess að það er merkileg heimild um tækniþróun og örar breytingar á lífi fólks á fyrsta hluta 20. aldar. Þess má geta að yngsta rafstöðin á Kvískerjum, sú sem byggð var 1967 og enn í notkun, er við Stöðuvatnið nokkru neðar og er alfarið steyppt. Rafstöðin sem hér er skráð er hins vegar með steyptan gafl að austan og hluti af norðurvegg er einnig steypdur en aðrir veggir eru grjóthlaðnir. Húsið er að miklu leyti niðurgrafið. Það er um 4,5 m á kant en framgaflinn er þó aðeins 3 m. Hlöðnu veggirnir eru bogadregnir og allt að 2,5-3 m að hæð. Á miðjum vesturvegg er op þar sem vatni hefur verið veitt í gegn. Renna eða op er einnig neðst á norðurveggnum sem er steinsteypdur og hleri ofar á sama vegg. Á bak við húsið er einnig renna í brekkurótum þar sem vatni hefur líklega verið veitt að rafstöðinni en þar er mikill gróður og erfitt að komast að. Steyppt gólf er í húsinu að hluta og einhverjar leifar eru þar af undirstöðum véla og vélbúnaðar. Fyrir húsinu hangir enn uppi hurð sem að hluta til er morknuð í sundur en ekkert þak er lengur á því.

**Hættumat:** engin hættu



SF-081:014 hús lambhús

63°58.735N 16°26.048V


Lítill kofi er byggður ASA við Réttarklett og um 130 m norðaustan við bæ 001. Hann er 15-20 m suðvestan við útihúsasamstæðu 036 og var lambhús samkvæmt Helga og Hálfadáni



*Lambhúsið við Réttarklett SF-081:014. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á þægri mynd til NNV*

Björnssonum. Kofinn er byggður alveg upp við klettinn, suðaustar er grasi vaxin flöt en ofar (norðaustar) Bæjarsker.

Á uppdrætti Sigurðar Björnssonar af túninu á Kvískerjum teiknar hann inn litla hleðslu frá klettinum á svipuðum stað og húsið sem nú stendur. Hleðslan virðist stök og snýr norðvestur-suðaustur. Á sama stað stendur nú útihús úr blönduðu efni. Það er 6 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Húsið stendur undir þaki. Það er að mestu hlaðið úr grjóti en timburþil er á því að suðaustan að hluta. Á því miðju eru dyr og gluggi. NNA-SSV veggir eru alfarið hlaðnir úr grjóti en sjálfur Réttarklettur virðist marka norðvesturhlið að mestu. Í húsveggjunum eru víða mikil björg og hefur framþilið t.d. verið byggt í kringum nokkur slík. Í húsinu er timburgrind, rimlagólf úr timbri og timburjötur. Talsvert drasl er inni í húsinu og það stendur enn vel. Bárujárnsþak er á húsinu. Sjálft húsið er of ungt til að teljast til fornleifa þó að mannvirkið sem var á sama stað áður hefði mögulega flokkast sem fornleif. Húsið er hins vegar byggt samkvæmt fornri byggingarhefð og því tekið með á fornleifaskrá.



*Lambhúsið við Réttarklett SF-081:014*

**Hættumat:** engin hætta  
**SF-081:015** *Kirkjugötur* gata leið

63°57.719N 16°26.038V



*Göturnar sjást vel sem dökkar rákir í mosabreiðuna frá heimatúninu á Kvískerjum. Loftmynd tekin árið 1964. Í eigu Landmælinga Íslands*



*Kirkjugötur SF-081:015, horft til suðurs*

"Sunnan Stóralækjar heitir það svo Öldur, liggja svo í boga frá Stóralæk og að Eystri-Kvíá. Yfir miðjar Öldurnar og Mosana liggja Kirkjugötur," segir í örnefnaskrá. Kirkjugötur lágu frá Kvískerjum að Hnappavöllum. Lítil ummerki þeirra sjást nú en þó má enn greina hvar þær hafa legið í gegnum Mosana.

Þar sem göturnar lágu sjást á kafla rákir í gegnum mosann þar sem gróðurþekjan er þynnri, dekkri og stundum lyngivaxin. Göturnar sjást nokkuð vel á loftmyndum frá 1945 og 1964 á sömu slóðum. Þær hafa legið næstum því beint til suðurs frá bæ og á þeim slóðum sem þær sjást í Mosunum eru þær tæpum 500 m ofan við (vestan) við núverandi þjóðveg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 1



**SF-081:016** mannvirki sundlaug

63°58.692N 16°26.290V

Lítill sundlaug er skammt utan við túnið á Kvískerjum, um 50 m norðvestan við bæ 001.

Sundlaugin er í gílinu þar sem Bæjarlækurinn rennur, undir stórum kletti sem kallaður er Kerling. Rauðrunni og birki vex á veggjum laugarinnar og aðeins inni í henni.

Mannvirkið byggðu Kvískerjasystkin og það telst því ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er skráð með þar sem það var byggt samkvæmt eldri byggingarhefð. Mannvirkið er U-laga og snýr norðvestur-suðaustur. Það er byggt suðvestan í brekku. Laugin er um 15 x 7 m stór og "veggir" hennar eru allt að 1,5 m á hæð (mælt innanfrá) og 1,7 m á breidd. Sundlaugin var gerð þannig að fyrst var jarðvegi hrúgað saman í eins konar tóftarlag sem síðan greið upp. Síðan var sett plast í botn laugarinnar og þil fyrir suðausturenda hennar og vatni veitt úr Bæjarlæknum í lauginu. Samkvæmt þeim Helga og Hálfadáni Björnssonum var aldrei mikið um sundæfingar í lauginni þar sem hún var alltaf jökulköld. Það var því úr að þau systkinin fóru frekar að




*Sundlaug SF-081:016. Á ljósmynd er horft yfir sundlauginu og til NNV*

Stöðuvatninu til að synda.

**Hættumat:** engin hættu

**SF-081:017** *Lambhúsklettur* tóft lambhús 63°58.708N 16°26.084V  
Samkvæmt bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 var tóft 70-80 m



*Tóft SF-081:017. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs*

norðaustan við bæ 001 og stutt ofan við heimreið. Tóftin er ekki merkt inn á túnakort frá um 1920 en hún sést enn. Húsið stóð nálægt Lambhúskletti en um það segir í örnefnaskrá: "...nú bregðum við okkur heim í tún: Suðaustast í túninu milli lækja heitir Túnshali og austasti kletturinn á túninu heitir Lambhúsklettur." Tóft þessa húss sést enn, fast ofan við tún, í jaðri skógræktar. Lambhúsklettur er norðaustan við tóftina. Skammt suðaustar taka við sléttuð tún. Í kring er þéttur skógur.

Tóftin er 10 x 5 m stór og mjókkar aðeins til norðausturs. Innanmál hennar er 6 x 2-2,5 m. Hún er algróin og einföld. Op er á miðjum suðvesturvegg. Innst inni í tóftinni er um 1 m breiður og 0,2 m hár stallur sem snýr þvert á tóftina. Tóftin er grafin inn í brekkuna og er efsti hluti hennar (sá suðvestasti) mest niðurgrafinn og veggur þar um 0,1 m á hæð að utan en 0,8 m niður á stall og 1,5 m niður á gólf.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 2, Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1904

**SF-081:018** *Réttarklettur* frásögn rétt


63°58.744N 16°26.049V

"Austan við hann [Lambhúsklett 017] er svo Réttarklettur en sá klettur er að nokkru leyti utan túns," segir í örnefnaskrá. Réttarklettur er um 130 m norðaustan við bæ 001 og 20-30 m norðaustan við hann tekur við löng röð útihúsa úr blönduðu efni sem var byggð rétt fyrir miðbik 20. aldar (sjá 036). Á milli klettsins og húsanna er svolítill slétta og réttin stóð þar að stærstum hluta (en náði sjálfsagt þangað sem suðvestustu húsini eru nú). Grasi gróin flati í svolitlum halla á milli Réttarkletts og útihúsa 036.

Á uppdrætti Sigurðar Björnssonar af heimatúninu á Kvískerjum er réttin teiknuð upp. Samkvæmt teikningunni hefur hún snúið norðaustur-suðvestur og samanstaðið af einu hólfi með opi á miðjum norðaustur-suðvesturvegg og öðru á miðjum norðvestur-suðausturvegg. Frá suðurhorni virðist svo hafa legið hleðsla að Réttarkletti. Réttin var notuð til að skilja fé sem safnað var saman í landinu að hausti enda gjarnan talsvert af fé frá Hofi og Hnappavöllum á þessum slóðum. Réttin var rífin þegar útihús voru reist.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 2



*Réttin á teikningu Sigurðar Björnssonar af heimatúnum Kvískerja*

**SF-081:019** *Hesthúsklettur* örnefni hesthús

63°58.700N 16°26.122V

"Vestur af Lambhúskletti [017] er Hesthúsklettur," segir í örnefnaskrá. Á bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 er sýnt e.k. mannvirki eða klettur á þessum stað 40-50 m norðaustan við bæ 001 og ofan heimreiðar. Staðurinn er á milli 003 og 042. Það er ekki merkt inn á túnakort frá um 1920. Á þessum stað er greinilegur klettatangi fast fyrir ofan (norðvestan) tún. Á þessum stað er nú lítið hús eða húsvagn (á hjólum).

Helgi og Hálfán telja helst að Hesthúskletturinn sé kenndur við hesthúsin sem stóðu áður þar sem tóftir af lambhúsi 003 sjást enn. Á uppdrætti Sigurðar Björnssonar, bróður þeirra, er hins vegar teiknuð óljós hleðsla á þessum stað. Hún virðist hafa snúið norðaustur-suðvestur, hafa verið ferhyrnd og einföld. Engin merki sjást nú um hana og ekki muna þeir bræður eftir öðru þarna en mögulega einhverri garðhleðslu um rækt.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 2, Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1904, óútgefinn uppdráttur Sigurðar Björnssonar af túninu á Kvískerjum



**SF-081:020** þúst óþekkt

63°58.648N 16°26.110V

Rústarleg hæð er í heimatúninu á Kvískerjum, um 60 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við þar sem útihús 008 stóð. Þústin hefur líklega verið fast suðvestan við eldri heimreiðina 039 sem lá niður túnið. Á þessum stað er ræktarlegur hóll í sléttu túninu og mögulegt að mannvistarleifar leynist þar undir túni.



*Þúst SF-081:020 afmörkuð með rauðri línu.  
Horft til vesturs*

Hóllinn er 18 x 13 m stór og snýr NNV-SSA. Hann er um 0,3 m á hæð og mjög grunn dæld er í hann miðjan. Helgi Björnsson, heimildamaður segir að sér hafi alltaf grunað að þarna væru mannvistarleifar undir sverði en hann hafi hins vegar ekki fundið neitt grjótt þegar hann reyndi að kanna það með því að stinga ofan í hann með járnkarli í leit af sönnunum.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 2

**SF-081:021** *Arnarbæli* hleðsla fjárskýli

63°59.081N 16°25.938V

Fjárskýli er við Arnarbæli, um 765 m norðan við bæ 001. Skýlið er sunnan í Heiði, 100-150 m vestan við Stöðuvatnið. Hleðslan er í hlíð Arnarbælis. Ofar (norðar) er klettaveggur en brött og skógivaxin hlíð neðar (sunnar), niður á flatlendið við Stöðuvatnið. Áður dreifði Hrúta sér um flatlendið neðan við.



*Hleðslur SF-081:021 við Arnarbæli*

Samkvæmt Helga og Hálfáni Björnssonum voru ekki fjárhús önnur en lambhús í heimatúninu fyrr en talsvert seint. Lengi vel var annað fé hýst í skútum þegar þurfti yfir veturinn. Einn þessara skúta er undir klettum Arnarbælis. Þar var áður eitt helsta fjárskýli jarðarinnar, áður en farið var að byggja fjárhús í heimatúninu. Hætt var að nota hellinn fyrir minni Kvískerjabræðra. Fjárskýlið samanstendur af hellisskútum sem ná undir slútandi klettana og grasi gróna syllu fram af þeim þar sem hlaðið hefur verið fyrir brúnina á tveimur stöðum. Hleðslurnar marka af svæði sem er 6,5 x 3 m að innanmáli og

snýr austur-vestur. Þær eru alfarið úr grjóti og mest 1,2 m á hæð. Timburgrind er fyrir austurhlið og op er á suðurlanghliðinni miðri. Hellisskútarnir eru allir litlir og yfirleitt bara 2-3 m í þvermál og samtals er dýptin (breiddin) frá hleðslu og inn í hellisbotn hvergi meiri en um 6 m. Stærstur er skútinn norðvestast en milli hans og þess næsta austan við gengur berggangur niður í stallinn. Þennan berggang kallar Hálfán Björnsson "fótinn" á Arnarbælistindinum. Til stóð að sprengja bergganginn og var búið að koma fyrir dýnamíti ofan í





*Hellisskúti og hleðslur við Arnarbæli SF-081:021. Á mynd til vinstri er horft til NNA en á hægri mynd til ANA*

honum þegar einhver benti á það að hætta væri á að allt Arnarbælisbjargið (sem þarna rís fyrir ofan) gæti hrunið í leiðinni. Var þá hætt við þessa framkvæmd en samkvæmt Hálfadáni Björnssyni er dýnamítið enn inni í klettinum þar sem enn sést svolitill grasbrúskur í klettinum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 2

**SF-081:022** gata leið

63°59.100N 16°26.342V

Leið lá frá bæ 001, með Bæjarskeri, meðfram suðvesturhlið Stöðuvatnsins (og rafstöðinni) svo áfram til norðurs hlíðina NNV við Stöðuvatnið og upp á Sker. Þessa leið var t.d. farið með hross í bithaga. Götuslóðinn sést hér og þar, best í hlíðinni NNV við Stöðuvatnið sem þó er orðin skógivaxin.

Gatan sést á köflum. Suðvestan við Stöðuvatnið er bíslóði og var gata á svipuðum slóðum þar eða aðeins ofar (vestar). Þegar komið er norður fyrir rafstöð Kvískerja við vatnið sést slóðinn betur þar sem hann liggur þvert á brekkuna. Brekkan var áður vaxin hnéhæðar háu kjarri en er nú komin á kaf í birkiskóg. Stígurinn sést þó ennþá og fara rollur hann eitthvað auk þess sem Kvískerjabræður hafa haldið gróðri í honum í skefjum. Stígurinn er víðast hvar um 0,5 m breiður og fremur grunnur.

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 3



*Gata SF-081:022. Á vinstri mynd er horft til norðurs en á hægri til suðurs*

**SF-081:023** *Grettistak* mannvirki manndómsraun 63°59.138N 16°25.743V

"Upp af og austur af Gljúfurtorfum eru svonefndar Bringur. Sunnan við lækinn heitir svo Sortumýri og þar er við veginn hóll, Sortuhóll. Þá er syðst í heiðinni Grettistak og Arnarbæli er austan við Stöðuvatnið, sem fyrr var getið, þetta eru klettur með brekku undir," segir í örnefnaskrá. Grettistakið er suðaustast í Heiðinni á Arnarbæli og rúmum 900 m norðaustan við bæ 001. Umverfis er lyngi og mosavaxin urð.



*Grettistak SF-081:023, horft til ASA*

Mannvirkið er í raun mjög lítilfjörlegt og telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi enda aðeins gert á fyrri hluta 20. aldar. Um er að ræða stóran stein og tvo minni steina sem lyft hefur verið upp á þann stærri. Þetta gerði Eiríkur nokkur sem var vinnumaður á Kvískerjum á fyrri hluta 20. aldar, líklega rétt fyrir 1940. Umfang steinanna er samtals tæpur 1 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Mannvirkið er minnismerki þess hvernig afraunir og Grettistök héldu áfram að vera hluti af þjóðarmeningunni fram á 20. öld og því haft með í skrá þessari.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 3

**SF-081:024** *Hellir* hellir geitakofi 63°58.620N 11°62.636V

Móbergshellir, sem að hluta til er manngerður, er í Vesturhvammi um 200 m VSV við bæ 001. Á þessum stað voru geitur hafðar fyrst eftir að þær komu til Kvískerja um 1936. Þá var hlaðið fyrir hellinn e.k. rétt en henni var síðar breytt í kálgarð en lítil ummerki hans sjást nú.



*Hellir SF-081:024 þar sem geitur voru hafðar um skeið. Á vinstri mynd er horft inn í hellinn, til NNV. Mynd til hægri er tekinn inn í hellinn og sést þar aðeins í grjóthleðslu*

Í hlíðinni ofan við Vesturhvammi. Mikil skógrækt er allt um kring. Nokkuð bratt er frá hellinum og niður á jafnsléttuna í Vesturhvammi.

Hellirinn sjálfur er um 3,5 x 2,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Þegar hann var tekinn í notkun voru veggir og loft hellisins sléttað og því eru þeir nokkuð beinir og loft hans einnig og er hann rúmlega 1,8 m að hæð. Hann er alveg opin til suðausturs en brekkan upp að munninum lokar honum að hálfu að suðvestast. Grjóthrúga er við munnann að norðaustan og hefur þar líklega verið einhver hleðsla þar sem gengið var upp úr hellinum. Geiturnar voru þarna fyrstu árin



eftir 1936 en voru síðar fluttar í sérstakan geitakofa í heimatúninu (sjá 004).

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Kvísker, 3

**SF-081:025** hleðsla óþekkt

63°58.912N 16°26.419V

Efst (vestast) á Bæjarskeri sjást leifar mannvirkis, tæplega 480 m norðvestan við bæ 001. Það er hlaðið suðaustan í hlíðum klettabeltis, þess stærsta á ofanverðu Bæjarskeri. Mosa og lyngivaxin hlíð.

Mannvirkið er grjóthlaðið og lítið. Það er um 1,8 x 0,8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er lengur hægt að sjá eiginlegar hleðslur en mannvirkið er mest um 0,3 m á hæð og grjótið í því er vaxið mosa. Göt virðast vera á milli steina og mögulegt að holrými hafi verið undir grjótinu og þessi ummerki séu eftir refagildru. Engar hellur sjást hins vegar í grjótinu og ekkert við mannvirkið gefur skýrar upplýsingar um hlutverk þess. Grjótið á þessum stað er þó greinilega dregið saman á þessum stað og verður að teljast líklegast að það sé annað hvort leifar lítils, hrunins kofa eða gildru af einhverri tegund.



*Hleðsla SF-081:025, horft til austurs*

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Kvísker, 3

**SF-081:026** við Hlíð heimild um myllu

63°58.852N 16°25.942V

Í grein Helga Björnssonar (í Kvískerjabók) er vatnsmyllu bæjarins lýst vandlega. Þar segir: "Árið 1873 fór Sigurður Ingimundarson, sem þá bjó á Kvískerjum, um Suðurland og sá í þeirri ferð vatnsmyllu. Það var til þess að fljótlega eftir það útbjó hann slíka myllu fyrir sig. Síðan var hún látin mala þar til um 1940 að ekki tókst að fá ómalað korn vegna styrjaldarinnar sem þá geisaði. Þessi mylla var fyrst höfð austan við Hlíð en var en flutt í Bæjargilið fljótlega þar sem tóttin er enn sjáanleg [sjá 033]. Að sjálfsögðu hefur allt tréverk verið endurnýjað oftar en einu sinni en steinarnir ætíð þeir sömu og eru ennþá til. Á neðri steininum er höggvið fangamark Sigurðar: S.I. Myllan þurfti að vera þar sem hægt var að leiða smálæk - um 20 l/sek - gegnum hana og fá nóga fallhæð, eða um 120 sm fyrir bunustokkinn sem var 420 sm langur. Aðalhlutar þessa verks voru þessir: Kofinn, í honum var pallur eða breið hilla fest út í veggina beggja megin, á þessum palli var mjölkassinn og í honum lágu kvarnarsteinarnir en ofan við þá var kornkassinn. Undir pallinum var spjaldakarlinn og bunustokkurinn sem lá í gegnum þar til gert op á stafni kofans. Í þessari myllu var nær eingöngu malaður rúgur sem hafður var í flatkökur, pottbrauð eða formbrauð, einnig var malað lítið eitt af hveiti og hrísgrjónum og einu sinni var malað heimaræktað bygg og bakað úr því flatkökur. Það þurfti að mala að sumarlagi því að lækurinn var svo erfiður viðfangs á vetrin. Farið var í "kvörnina", eins og það var kallað, einu sinni á dag með korn í þar til gerðum poka og tekið í hann mjöl til baka, þetta var um ein skjóla að rúmmáli. Og þurfti að passa vel að láta kornkassann ekki tæmast á meðan myllan snerist því að ef korn vantaði milli steinanna tóku þeir að raspast. Þeir máttu semsé ekki koma alveg saman. Það heyrðist líka vel á hljóðinu hvort kornstreymið var mátulegt. Áður en Sigurður Ingimundarson smíðaði vatnsmyllu fyrir heimili sitt á Kvískerjum 1873 var kornvara möluð með handafli og þótt því mikil framför að beisla læk til að snúa kvörninni. [...] Þó var tæpast hægt að tala um hentugan læk

á Kvískerjum. Því að eftir fá ár fór Hrúta, sem er öflugt jökulvatn, að flæða vestur að túninu og þar með yfir svæðið sem myllan stóð á. Þá var hún tekin niður og flutt vestur í Bæjargil þar sem hún var höfð eftirleiðis [033]. "Engin ummerki sjást lengur um eldri mylluna austan við Hlíð, á Kvískerjum enda fór Hrúta illa með svæðið á 20. öld. Helgi og Hálfván Björnssynir telja sig geta staðsett mylluna gróflega og samkvæmt því var hún um 360 m norðaustan við bæ 001, á sléttlendi sem nú er gróið mosa og birki en var áður mikil auðn eftir að Hrúta flæddi um svæðið á talsverðu árabili. Engin ummerki sjást lengur um mylluna.

**Heimildir:** Helgi Björnsson. 1998, 68-71

**SF-081:027** *Nátthagi* hleðsla nátthagi

63°58.606N 16°26.351V

"Vestur frá bænum upp við hliðina, Vestrihvammur. Austast í Vestrihvammi er Nátthagi og í Nátthagaganum er Hellir [sjá 024]. Nyrst í hvamminum eru Hjallar og upp af þeim eru Hjallabrúnir," segir í örnefnaskrá. Hluti nátthagans sést enn í Vestrihvammi, um 180 m VSV við



*Hleðsla Nátthagans SF-081:027. Horft til suðvesturs*

bæ og fast ofan (norðvestan) við tún. Nátthaginn er í jafri svæðis sem var ræktað upp sem tún á seinni hluta 20. aldar en ekki er slegið lengur. Ofar (norðvestar) tekur við brekka sem hækkar skarpt til norðvesturs og í hana hefur skógi verið plantað. Samsíða garðinum, suðaustan hans, rennur lækjarspræna.

Garðlagið er grjóthlaðið og víða 0,3 m á hæð. Í því sjást 1-2 umför hleðslu og er garðurinn um 0,8 m á breidd. Grjótið í honum er mosavaxið. Greinilegasti hluti garðsins liggur í tæpa 50 m norðaustur-suðvestur. Að norðaustan sést framhald í um 7 m og þar hefur garðurinn legið í svolítinn sveig til norðausturs. Að suðvestan endar garðurinn nokkuð skyndilega en 10 m vestar er 5 m löng steinaröð sem snýr norðvestur-suðaustur og gæti hafa verið hluti af nátthagaganum þó ekki sé þetta eiginleg hleðsla. Samkvæmt Helga og Hálfváni Björnssonum var gerðið upphaflega byggt sem nátthagi fyrir sauðfé en svo langt sem þeir muna var hann eingöngu notaður fyrir stórgripi, oftast fyrir hesta um nætur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 4

**SF-081:028** hleðsla óþekkt

63°58.482N 16°26.462V

Grjóthruga sem greinilega hefur verið sett saman af mannahöndum er um 440 m suðvestan við bæ 001, rétt VSV við túnjaðar mikilla túna í Vestrahvammi.


Lækjarfarvegur þar sem nú rennur afar lítill lækur er um 6 m ofan (norðvestan) við grjóthleðsluna og beygir svo til austurs og rennur 3-4 m austan við austurhlið hennar. Sami lækur lá áður um 15 m vestan við hleðsluna og hún er því á eins konar hólma milli gamla lækjarfarvegsins og þess nýja. Umhverfis er flatlend graslendi.





*Grjóthleðsla SF-081:028. Á vinstri mynd er horft til norðurs en á hægri mynd til suðvesturs*

Á þessum stað er grjóthrúga sem greinilega er manngerð og verið sett saman þarna. Rétt norðaustan sjálftrar grjóthrúgunar má greina steinaröð í grassverði sem snýr norðaustur-suðvestur og líklega hefur álíka röð verið í jaðri grjóthrúgunnar að suðvestan og röðin þannig myndað L. Ekki er skýrt framhald af þessari röð að suðaustan en þó má greina línu í grjóthleðsluna þar. Sjálf þessar steinaraðir afmarka svæði sem er 3,5 x 2,5 m að stærð. Innan hennar er svo grjóthrúga. Grjótið í hrúgunni er fremur stórt, oft allt að 0,7 m í þvermál og hrúgan er mest um 0,4 m á hæð. Hrúgan er 2,5 x 2 m að stærð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjót var dregið saman á þessum stað en það er mosavaxið og virðist hafa verið á þessum stað um nokkurt skeið.



**Hættumat:** engin hættu

**SF-081:029** heimild um mannvistarleifar

63°58.655N 16°26.216V

Þegar grafið var fyrir kartöflugeymslu inn í Hólinn, um 50 m VSV við bæ 001 var komið niður á mannvistarleifar undir gjósku frá 1362. Á þessum slóðum er grösugur, sléttaður hóll þar sem standa hús úr grjóti og timbri (sjá 004 og 005) og steinsteypt kartöflugeymsla, byggð 1987. Hún er byggð inn í hólinn og er algróin að utan fyrir utan stafninn sem er steinsteyptur. Að utanmáli er húsið gróflega 8 x 7 m stórt. Ljóst er að á sama stað hafa verið mannvirki fyrir gosið í Örafajökli 1362.

**Heimildir:**Ö-Kvísker, 4

**SF-081:030** heimild um bústað

63°58.678N 16°26.152V

Í grein Sigurðar Björnssonar í Kvískerjabók segir: "Árið 1855 fór Guðrún dóttir hennar [Kristínar Þorsteinsdóttur] bústýra til Sigurðar frænda síns Pálssonar sem það ár hóf búskap á Hofnesi og árið eftir gengu þau í hjónaband. Þorsteinn og Guðmundur synir hennar vildu báðir búa á Kvískerjum og hófu undirbúning að því og komu upp öðrum bæ stutt frá hinum sem fyrir var. Árið 1860 var allt tilbúið til að þeir gætu hafið sjálfstæðan búskap og tvær stúlkur komnar að Kvískerjum sem ætluðu að ganga í hjónaband með bræðrunum....En einmitt þá gekk mjög mannskæð sótt, smitandi lungnabólga, um sveitina og barst að Kvískerjum..." Samkvæmt Hálfadáni og Helga Björnssonum var bærinn sem byggður var nálægt 1860 sennilega til móts við íbúðarhúsin á Kvískerjum sem nú standa. Íbúðarhúsið frá 1860 var líklega þar sem kálgarðurinn 006 var síðar og nú standa há reynitré í röð, innan við 10 m suðaustan við íbúðarhúsið á Kvískerjum. Þar sem húsið stóð er nú sléttuð grasflöt og þar vaxa reynitré, runnar og blóm.

Ekki er víst að byggingu íbúðarhússins hafi nokkurn tíma verið að fullu lokið. Þegar var grafið á þessum slóðum fyrir nokkrum árum fundu menn að sögn Helga Björnssonar, heimildamanns, nokkra gripi, aðallega nagla o.þ.h. en einnig spesíu og töldu að þetta gætu verið leifar frá þeim tíma sem íbúðarhús stóð þarna.

**Heimildir:** Sigurður Björnsson. 1998, 34

**SF-081:031** varða leið

63°58.784N 16°25.602V

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur." Vörðuð leið liggur síðasta spölinn heim að bæ að Kvískerjum úr ANA. Kirkjugötur 015 voru framhald þessarar götu, suðvestan við bæ. Umhverfis er mosavaxið sléttlendi.

Á þessu svæði sjást enn 8 vörður. Sú sem næst er bæ er um 260 m VNV við hann og sú sem fjærst er um 590 m VNV-ar. Malarvegur er norðan við vörðurnar en ekki sjást skýr ummerki um eldri leið. Samkvæmt Hálfðáni Björnssyni, heimildamanni hafa vörðurnar ekki verið lagfærðar svo langt sem hann man en þær standa flestar ágætlega. Gengið var á allar vörðurnar og í lýsingunni sem fylgir verður hverri lýst stuttlega og hefst lýsingin vestast. Þar er varða A sem er um 1,5 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Hún mjókkar upp og steinar hennar eru mosavaxnir. Mögulegt er að varðan hafi upphaflega verið köntuð og þá um 1,2 m á kant. Hún er hins vegar talsvert hrunin. Um 50 m ANA við vörðu A er varða B. Hún er nokkuð stæðileg og má vera að henni hafi eitthvað verið haldið við. Varðan er um 1 m á kant og 0,8 m á hæð. Grjót er hvorki vaxið mosa- eða skófum. Í vörðunni sjást 3-4 umför hleðslu. Um 65 m ANA við vörðu B er varða C. Hún er talsvert hrunin og skófum vaxin. Varðan er um 1,2 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Steinar hennar eru mjög mis stórir. Tæpum 120 m ANA við vörðu C er varða D. Milli vörðu C og D breytist vegurinn meðfram vörðunum og hann verður mun greinilegri og er ruddur í gegnum mosann. Varða D er aflöng samsíða vegi og um 2 x 1 m að grunnfleti. Hún er 0,6 m há og vaxin skófum. Varða E er rúmlega 115 m ANA við vörðu D. Hún er aflöng líkt og varða D og er 2,5 x 1,2 m að grunnfleti. Hún er 0,7-0,8 m að hæð. Varðan er vaxin skófum og mosa. Varða F er 95 m ANA við vörðu E. Hún er 0,6 m á hæð og 1,2-1,5 m í þvermál. Austast í henni eru stórir steinar og í vörðutoppinum er stór steinn sem er hvorki vaxinn skófum né mosa eins og neðri hluti vörðunnar er. Varða G er tæpum 75 m frá vörðu F. Hún er rétt rúmlega 1 m í þvermál og 0,6-0,7 m á hæð. Neðstu steinar vörðurnar eru vaxnir mosa. Varða H er sú varða sem er lengst til ANA. Hún er 73 m ANA við vörðu G. Varða H er langstærst varðanna og er 1,5 m í þvermál en tæplega 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Sýslu- og Sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1973, 151-152





*Í efstu röð eru (talið frá vinstri) varða A, B og C. Í miðjuröð varða D, E og F og í neðstu röð varða G og H. Neðsta myndin í hægra horni sýnir vörðuröðina í átt að Kvískerjum*



**SF-081:032** heimild um varnargarð

63°58.597N 16°26.303V

Í greinarstúfi eftir Sigurð Björnsson frá Kvískerjum í Árbók fornleifafélagsins 1963 segir frá grjóthlöðnum varnargörðum frá 14. öld: "Sumarið 1959 jafnaði ég (með jarðýtu) blett í svonefndum Vestrihvammi, en hann er rétt vestan við Kvísker í Örafum. Þarna var, eins og víðast í Örafum, allþykkt vikurlag frá gosinu úr Örafajökli 1362 og ýtti ég því fyrst niður fyrir allhátt moldarbarð, sem þarna var. Þá veitti ég athygli steinaröð, sem kom í ljós, þegar hreyft var við vikurlaginu. Við nánari athugun sá ég, að hér var um nokkurs konar garða að ræða, sitt hvorum megin við alldjúpan en þröngan lækjarfarveg; var hann nærri barðinu um það bil jafn að breidd og dýpt, en breikkadi og grynnkadi eftir því sem fjær því dró. Þar var líka aðeins grjót innan á börmunum og ekkert stórt. En þar sem farvegurinn var dýpstur, var raðað stórum steinum og klöppum upp á rönd, sitt hvorum megin." Á þessum slóðum er nú sléttað tún, óslegið. Helgi Björnsson gat bent á steina sem höfðu fundist við þessar framkvæmdir en þeim hefur verið raðað fast utan við túnið. Ekki er lengur vitað hvar í túninu nákvæmlega Sigurður fann hleðsluna.

Um grjótröðina segir Sigurður einnig: "Stærstu steinarnir voru um 80X60X80 cm, og hafa þeir víða tekið 50-60 sm upp úr jarðvegi. Smærri steinum var raðað í farveginn, en ekki beinlínis hlaðið. Um hlutverk þeirra þarf engar grafgötur að fara; þeir hafa verið settir til að varna því að vatn græfi meira en orðið var, og sumir jafnvel komnir með læknum. En um klampana, sem reistir höfðu verið við farveginn, gegnir öðrum málið, þeir voru flestir um það bil fet frá bakka (þó mislangt vegna smáhlykkja á bökkunum) og hafa því ekki á neinn hátt verið þá fyrir læknum. Vegna þess hve farvegurinn var mjór og djúpur þarna (60-80 sm), hefir hann verið hættulegur kindum, þegar snjó var á jörð, og er líklegast, að þess vegna hafi klömpunum verið raðað sitt hvoru megin við hann. Að vísu hefir þetta ekki verið gripheldur garður, en þó sennilega nægilegur til að beina fé fram hjá hættunni í snjó, sem fé komst um, án þess að troðin væri slóð fyrir það."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Sigurður Björnsson. 1963, 110-111

**SF-081:033** hleðsla mylla

63°58.763N 16°26.395V

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúnni kornmyllu, þeirri fyrstu í Örafum, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum." Í grein Sigurðar Björnssonar (í Kvískerjabók) segir: "Hvort sem það var á Keldum




*Myllutóft SF-081:033. Á mynd til vinstri er horft til ANA en á hægri mynd sést stökkurinn í gegnum mylluvegginn og horft er til norðvesturs*

eða annarsstaðar á Rangárvöllum er ekki vitað en einhvers staðar þar skoðaði hann [Sigurður




Ingimundarson árið 1873] kornmyllu sem knúin var af bæjarlæknum og vatnsveitur á engjar kynnti hann sér. [...] Um haustið kom Sigurður upp kornmyllu á Kvískerjum eftir fyrirmyndinni sem hann sá á Rangárvöllum og var það fyrsta vatnsknúna myllan hér um slóðir. Þótti hún í



Ummerki myllu SF-081:033

fyrstu hið mesta furðuverk en ekki leið þó langur tími þar til vatnsknúnar kornmyllur voru komnar ná nærri hvern bæ í sveitinni" Yngri myllan, sú sem stóð við bæjarlækinn, sést enn þó talsvert sé úr henni hrúnið. Myllutóftin er um 200 m norðvestan við bæ 001, í bæjarlækjagilinu og innan við 20 m ofan (norðan) við rafstöðvartóftina 038. Tóftin er í Í þröngu lækjargili á vesturbakka bæjarlækjar. Undirlendi er mjög lítið við árbakkann en upp frá honum er mikill lyng- og birkigróður.

Í grein Helga Björnssonar (í Kvískerjabók) er vatnsmyllunni lýst vandlega. Þar segir: "Árið 1873 fór Sigurður Ingimundarson, sem þá bjó á Kvískerjum, um Suðurland og sá í þeirri ferð vatnsmyllu. Það var til þess að fljótlega eftir það útbjó hann slíka myllu fyrir sig. Síðan var hún látin mala þar til um 1940 að ekki tókst að fá ómalað korn vegna styrjaldarinnar sem þá geisadi. Þessi mylla var fyrst höfð austan við Hlíð [sjá 026] en var en flutt í Bæjargilið fljótlega þar sem tóttin er enn sjáanleg. Að sjálfsögðu hefur allt tréverk verið endurnýjað oftar en einu



Teikning Helga Björnssonar af myllunni á Kvískerjum.  
Birt í Kvískerjabók, bls. 68.

sinni en steinarnir ætíð þeir sömu og eru ennþá til. Á neðri steininum er höggvið fangamark Sigurðar: S.I. Myllan þurfti að vera þar sem hægt var að leiða smálæk - um 20 l/sek - gegnum hana og fá nóga fallhæð, eða um 120 sm fyrir bunustokkinn sem var 420 sm langur. Aðalhlutar þessa verks voru þessir: Kofinn, í honum var pallur eða breið hilla fest út í veggina beggja megin, á þessum palli var mjölkassinn og í honum lágu kvarnarsteinarnir en ofan við þá var kornkassinn. Undir pallinum var spjaldakarlinn og bunustokkurinn sem lá í gegnum þar til gert op á stafni kofans. Í þessari myllu var nær eingöngu malaður rúgur sem hafður var í flatkökur, pottbrauð eða formbrauð, einnig var malað lítið eitt af hveiti og hrísgrjónum og einu sinni var malað heimaræktað bygg og bakað úr því flatkökur. Það þurfti að mala að sumarlagi því að lækurinn var svo erfiður viðfangs á vetrin. Farið var í "kvörnina", eins og það var kallað, einu sinni á dag með korn í þar til gerðum poka og tekið í hann mjöl til baka, þetta var um ein skjóla að rúmmáli. Og þurfti að passa vel að láta kornkassann ekki tæmast á meðan myllan snerist því að ef korn vantaði milli steinanna tóku þeir að raspast. Þeir máttu semsé ekki koma alveg saman. Það heyrðist líka vel á hljóðinu hvort kornstreymið var mátulegt. Áður en Sigurður Ingimundarson smíðaði vatnsmyllu fyrir heimili sitt á Kvískerjum 1873 var kornvara möluð með handaflí og þótt því mikil framför að beisla læk til að snúa kvörninni. [...] Þó var tæpast hægt að tala um hentugan læk á Kvískerjum. Því að eftir fá ár fór Hrúta, sem er öflugt jökulvatn, að flæða vestur að túninu og þar með yfir svæðið sem myllan stóð á. Þá var hún tekin niður og flutt vestur í Bæjargil þar sem hún var höfð eftirleiðis. Þar gerði Sigurður rammgerðan kofa við jarðfastan stein sem hlífði fyrir umróti frá læknum. Þessi frágangur dugði þó ekki í eitt sinn þegar óvenju stórt krapaflóð kom í lækinn og tók þakið af kofanum og efsta hluta mylluverksins. Það var svo tínt saman þegar snjórinn bráðnaði og þakið byggt aftur og mylluverkið lagfært. Eftir það var hún í friði og vann sitt verk þar til að tók fyrir innflutning á korni eins og fyrr segir." Við mylluna sjást mannvistarleifar á svæði sem er um 35 x 10 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Sjálf myllutóftin er hlaðin úr grjóti. Myllutóftin er um 4,5 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún mjókkar aðeins til norðvesturs og er þar um 3,5 m að breidd. Veggir myllunnar eru allt að 1,5 m að hæð vestast en austast er bara einföld röð af steinum, 0,3 m há. Nokkrar flatar hellur, líklega úr þaki eru hér og þar í tóftinni. Í kringum hana er mikið af stórum björgum og er eitt þeirra fast við norðurhorn hennar. Í tóftinni er talsvert af járnrusli, líklega úr mylluverkinu og í vesturvegg hennar er greinilegur stokkur eða op í gegnum grjóthleðsluna þar sem vatninu hefur verið hleypt í gegn. Rás gengur frá austurvegg tóftar og 10-15 m til austurs, að bæjarlæknum. Ofan við myllutóftina eru einnig talsverð mannvirki. Rásin sem veitt hefur vatni inn í mylluna er reyndar frekar óljós á köflum en fast ofan við myllutóftina má þó sjá svolitla hleðslu. Ofan við mylluna er hólmi á ánni og meðfram honum hefur vatni verið beint, sunnan hólma og að myllunni á tæplega 20 m löngum kafla. Efst við hólmann má sjá hvar stífla hefur verið gerð milli lands og hólma. Stuttu ofar eru steypuleifar við lækinn um 4 m langar og 30 cm breiðar. Frá þeim eru tvær litlar, samsíða grjóthleðslur sem mynda hleðslu frá steypunni og op undir hana. Samkvæmt Hálfván voru þessi ummerki til að veita læknum í rör fyrir rafstöðina neðar í gilinu.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Magnús Björnsson. 1976, 58, Sigurður Björnsson. 1998, 39 og Helgi Björnsson. 1998, 68-71

**SF-081:034** *Fiskiklettur* náttúrumin fiskreitir

63°58.783N 16°26.254V

Á Bæjarskeri er stór klettur sem sést vel frá bæ 001 og var ætíð nefndur Fiskiklettur. Samkvæmt Hálfmán Björnssyni var breiddur út og þurrkaður fiskur á klettinum fyrir hans minni þegar stórar torfur rak á fjöru. Þetta var gert til að varna því að kindur kæmust í fiskinn enda klífruðu þær ekki upp á klettinn. Í grein Sigurðar Björnssonar frá Kvískerjum í Kvískerjabók kemur fram að nafnið hafi fyrst festst við klettinn þegar Þorsteinn Vigfússon sem bjó á Kvískerjum 1885-1894 hafi þurrkað þar fiskreka sinn. "Eitt árið varð hann [Þorsteinn] fyrir því happi að fá svo mikið fiskihlaup á fjöruna að þegar búið var að fletja fiskinn þakti hann alveg all stóran klett (30-40 m<sup>2</sup>) sem hann var breiddur á til herslu. Er sá klettur síðar nefndur Fiskiklettur". Kletturinn er um 200 m norðaustan við bæ 001. Fiskiklettur er klettadrangi á Bæjarskerinu, sá drangi sem hvað hæst rís upp úr skerinu ef horft er á það neðan frá bæ.



*Fiskiklettur SF-081:034. Horft til norðausturs*

Náttúrulegur klettur sem er 25-30 m á lengd en 10 m á breidd. Hann er allt að 3-4 m á hæð. Ekki voru gerð nein mannvirki í tengslum við fiskþurrkunina.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Sigurður Björnsson. 1998, 41.

**SF-081:035** heimild um brunn

63°58.677N 16°26.130V

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1924 var vatn leitt inn í bæinn, því var dælt til 1932, en sjálfrennandi eftir það." Brunnurinn fyrir bæinn var fast suðaustan við kálgarð 006. Hann var fyrst nýttur á hefðbundinn hátt en úr honum var síðar dælt inn í bæinn og vatnsleiðslan leidd inn í Þverhús í bæjarsamstæðunni 001 og því dælt áfram inn í eldhús.

Örlítill dæld er á þessum stað en Helgi Björnsson gat bent nákvæmlega á brunnstæðið. Dældin er aðeins 0,3-0,5 m í þvermál og 0,1 m á dýpt.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Magnús Björnsson. 1976, 58

**SF-081:036** hús útihús

63°58.755N 16°26.046V

Samkvæmt bæjarsteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 var útihús um 150 m ANA við bæ 001 og fast utan túna. Tóftin er ekki merkt inn á túnakort frá um 1920 og er utan marka túns eins og þau eru sýnd þar. Á svipuðum slóðum stendur nú útihúsasamstæða úr blönduðu efni sem að stærstum hluta var byggð rétt fyrir miðja 20. öld. Verið getur að eldra hús hafi staðið á svipuðum slóðum áður eða að tóftin sem er merkt inn á kort Dananna hafi einfaldlega verið réttin sem skráð var við Réttarklett (sjá 018) fast suðvestan húsanna. Húsin eru um 170 m norðaustan við bæ 001. Húsin eru byggð austan undir Bæjarskeri, fram undan þeim er grasi gróinn flati.



*Húsasamstæða úr blönduðu efni (SF-081:036). Á efri ljósmynd sést öll samstæðan en á þeirri neðri sést áletrun á hleðslu við hús B. Á báðum myndum er horft til norðurs.*

Húsasamstæðan telst ekki til fornleifa lögum samkvæmt en er hér skráð sökum þess að hún er að hluta byggð samkvæmt gamalli byggingarhefð. Syðst stendur há hlaða, A. Neðsti hluti veggja er grjóthlaðinn en hlaðan er að mestu úr timbri og bárujárn. Hlaðan er 9 X 8-9 m að utanmáli. Norðan við hlöðuna taka við tvö fjárhús úr blönduðu efni, þ.e. grjóti, timbri og bárujárn. Sunnar er hús B sem var byggt 1942 og er ártalið letrað í stein í framhleðslu þess. Húsið er um 6 x 11 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Timburþil er fyrir austurvegg og á því eru tvennar dyr til beggja enda og gluggi á milli. Veggir eru alveg grjóthlaðnir og eftir húsunum miðjum gengur garði með timburgrind. Þakið er úr grjóthellum. Hleðslur í fjárhúsum B eru mest 1,6 m á hæð. Sunnan við fjárhús B eru fjárhús C sem byggð voru ári síðar eða 1943 samkvæmt áletrun á steini í framhleðslu. Hús C eru afar áþekkt húsum B og svipuð að stærð. Garði úr timbri gengur eftir húsinu miðju og veggir eru grjóthlaðnir í um 1,7 m hæð. Þak er úr steinhellum, timbri og bárujárn. Sunnan við tóft C eru stór fjárhús D úr steinsteypu, 12 x 10-11 m stór. Á gafli þess eru fjórar hurðir. Að baki húsunum er braggi E sem er 12 x 5-6 m stór og steinsteypt súrheysgryfja F, er í horni sunnan við braggann en vestan við hlöðu A.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna 1904



**SF-081:037** *Mikkelsenvarða* varða

63°58.909N 16°26.222V

Mikkelsenvarða var nefnd eftir danska landmælingamanninum Mikkelsen sem var við mælingar á svæðinu árið 1904. Hún er suðaustarlega á Bæjarskeri, um 430 m norðan við bæ 001. Bæjarskerið er fremur flatt í toppinn en þó rísa þar klettur hér og þar. Stutt er niður á urð en hún er víða vaxin mosa og lyngi.

Varðan er stæðileg og um 1,5 m á hæð og svipuð í þvermál. 1,5 m norðan við hana er landmælingamerki í klöppinni.

**Hættumat:** engin hætta




*Mikkelsenvarða SF-081:037, horft til NNA*

**SF-081:038** tóft

63°58.744N 16°26.362V

Í grein Einars G. Jónssonar Endurminningar frá Kvískerjum (í Kvískerjabók) segir hann: "Í bæjargilinu stóð lítil rafstöðvarhús með 1,2 kw túrbínu og lá bunustokkur úr timbri frá uppistöðu. Var þó furðu hvað þetta entist til eldunar og ljósa, en þetta dugði skammt í langvinnum þurrkum. Nokkrum misserum síðar var reist myndarleg stífla uppi á Skeri og stofnað til 4 kw rafstöðvar, síðar 8 kw,...." Í grein Sigurðar Björnssonar (í Kvískerjabók) segir: "Árið 1927 var komið upp rafstöð á Kvískerjum við bæjarlækinn. Helgi Arason á Fagurhólsmýri sá um uppsetningu. Fallhæð var lítil en stöðin nægði þó til ljósa og að nokkru til suðu þegar meðal vatn var í læknum, en hann varð of lítill í þurrkum...." Rafstöðvartóftin er enn vel greinileg. Hún er í Bæjargilinu, um 200 VNV við bæ og um 20 m neðan við (norðaustan) við myllu 033. Bæjargilið er umgirt háum klettum og undirlendi er mjög lítið. Hlíðar þess eru grónar birki og talsverður gróður er umhverfis og jafnvel inni í tóftinni.

Rafstöðin er um 2 m VSV við bæjarlækinn. Hún er hlaðin úr grjóti en svolítill steypa hefur einnig verið notuð við gerð hennar. Sjálf t rafstöðvartóftin er 6 x 5 m stór, snýr norðvestur-suðaustur og er talsvert opin til suðausturs. Hún er einföld og niðurgráfin, sérstaklega að VSV. Hleðsluhæð er mest 1,7 m en víða er talsvert hrunið úr veggjum. Innst í tóftinni (norðvestast) er eins konar útskot sem er 2,5 x 1 m að innanmáli og afmarkast. Steyptur veggstúfur rúmlega 1 m á lengd er norðvestarlega sunnarlega í húsinu og sömuleiðis er steyp



*Rafstöðvartóft SF-081:038*



*Rafstöðvartóft SF-081:038. Á vinstri mynd er horft til VNV en á mynd til hægri er horft til ANA*

plata um 1,5 cm á kant í gólfinu þar sem tækin voru (en "skotið" er innan við hana). Stokkur er í gegnum norðvesturvegg þar sem vatni hefur verið veitt í gegnum rafstöðina. Stokkurinn er um 60 cm á breidd en tæpur 1 m á lengd. Ofan á honum er stór járnplata. Mikið af járn úr rafstöðinni sjálfri er enn inni í tóftinni, mjög ryðgað. Frá rafstöðvarhúsinu gengur dæld til ASA í um 10 m en beygir þá í átt að læk og endar þar 4 m ANA.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Einar G. Jónsson. 1998, 25 og Sigurður Björnsson. 1998, 43

**SF-081:039** þúst traðir

63°58.660N 16°26.129V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 lá heimreið þá úr vestri að bæ 009 en önnur beint til suðvesturs frá bæ 001, í gegnum kálgarð 006 miðjan og beint út úr heimatúninu. Þessi heimreið virðist aflögð þegar túnakort frá um 1920 er gerð, alltént er hún ekki merkt á það. Suðaustan við bæ eru nú rennislétt tún. Þegar vel er að gáð má þó greina örliðla dæld eða rönd í túnið sem liggur frá kálgarðsstæðinu 006 miðju og niður túnið og eru það síðustu merkjanlegu leifar traðanna. Rennislett tún í örliðlum halla til suðausturs.

Traðirnar lágu niður túnið frá bænum 001 miðjum. Samkvæmt Helga og Hálfðáni Björnssonum voru traðirnar notaðar á meðan einungis var hestaumferð í Örafum en árið 1916 komu kerruhjól og kerrur á svæðið og í kjölfarið var heimreiðin færð (sjá 009) þar sem gömlu traðirnar, þær sem hér eru skráðar, voru of þröngar og óhentugar fyrir kerru. Dældin var rakin á um 40 m kafla niður túnið en samkvæmt uppdrátti Sigurðar Björnssonar af túninu á Kvískerjum náðu traðirnar alla leið út túnin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna 1904 og óútgefinn uppdráttur Sigurðar Björnssonar af heimatúninu á Kvískerjum

**SF-081:040** heimild um útihús

63°58.684N 16°26.242V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 var tóft um 25 m VNV við norðvesturhorn bæjar 001. Tóftin er ekki merkt inn á túnakort frá um 1920. Þar sem tóftin var eru nú sléttuð tún í halla til suðausturs. Hún var efst (norðvestast) í túninu og fast ofan við (norðvestar) tekur við brekka þar sem er talsverðri skógrækt.

Helgi Björnsson, heimildamaður, man vel eftir tóftinni og hvar það stóð. Engin ummerki sjást hins vegar um það nema ef telja skyldi þá staðreynd að þar vex aðeins sneggra gras en umhverfis.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna 1904



**SF-081:041** heimild um útihús

63°58.699N 16°26.205V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra herforingjaráðsmanna frá 1904 var tóft um 30 m beint ofan við bæ 001. Tóftin er ekki merkt inn á túnakort frá um 1920. Engin ummerki þessarar tóftar sjást lengur en þar sem hún var voru síðar byggðar refagirðingar þegar Kvískerjabændur reyndu fyrir sér með ræktun á silfurref/rauðref frá 4. áratug 20. aldar og fram til 1946. Tóftin var þar sem nú er slétt flöt, fast ofan núverandi túna og innan trjáræktar. Fast norðvestan við tekur við brekka upp á Bæjarsker.

Refagirðingarnar eru merktar inn á túnakort Sigurðar Björnssonar og virðast hafa verið nokkuð umfangsmiklar, fjórar að tölu og samsíða. Þær hafa allar snúið NNV-SSA. Svólítill flatur stallur, 12,5 x 8 m stór er í brekkunni þar sem girðingarnar/tóftin voru. Stallurinn rís allt að 1,5 m upp frá brekkunni og er aðeins grafinn inn í brekkuræturnar. Engin ummerki finnast nú um eldri tóft.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra herforingjaráðsmanna 1904

**SF-081:042** *Skjólgarðsfit* örnefni varnargarður

"Austast í landi jarðarinnar eru graseyrar sem nefndar eru Fitjar. Upp af þeim heita Fitjaöldur, svo voru hér Skjólgarðsfit, sem nú er horfin, og Skjólgarðsfitjarkvísl, sem nú er sameinuð Hrúta," segir í örnefnaskrá

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 1

**SF-081:043** *Nýjasel* heimild um sel

"Hér austast, ofan við lónið sem er innan við fjörुकambinn, heitir Hólmar. Þeir ná að Hrúta og neðst í þeim við lónið heitir heitir Sláttuhólmi. Þar ofar heitir Nýjasel og upp af þeim eru Nýjaselsöldur,..." segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 1

**SF-081:044** *Gamlasel* heimild um sel

"Þeir [Hólmar] ná að Hrúta og neðst í þeim við lónið heitir Sláttuhólmi. Þar ofar heitir Nýjasel [012] og upp af þeim eru Nýjaselsöldur, svo er Gamlasel og Gamlaselsöldur," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 1

**SF-081:045** frásögn

Um 100 ára gömul tóft sem Björn Pálsson, faðir Helga og Hálfðáns heimildamanna byggð rétt eftir 1910 er við Kvíárjökul, nálægt Dýjalækjum. Réttin var byggð til vetrarþeitar, en faðir þeirra bræðra taldi að slíkt gæti gengið vel upp (þar sem hann var vanur slíku úr Svínafelli þaðan sem hann kom). Engin beit reyndist hins vegar í kring um svæðið og einnig fylltist það af snjó og var því notað stutt.

**SF-081:046** heimild um sæluhús

Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Af nýgræðunum er aðeins stuttur spölur austur að sæluhúsinu við Jökulsá. Frá húsinu er örstutt upp á næstu jökulöldu, en á bak við hana er stórt jökullón, en handan við það þverhniptur jökulveggur, [...]" Þetta hús stóð þangað til nýtt hús var byggt 1927. Nýja húsið var úr timbri og stóð um 1 km vestan við Brú á Jökulsá en var rífið þegar brúin kom. Eldra sæluhúsið var úr steini, einhverjar leifar þess sjást sjálfsagt samkvæmt Helga og Hálfðáni Björnssonum kannski um 500 m neðan við þjóðveg.

**Heimildir:** Árbók Ferðafélagsins. 1937, 36

**SF-081:047** frásögn rétt

Samkvæmt Helga og Hálfðáni Björnssyni á Kvískerjum sjást enn leifar af rétt í Múlakinn. Jökull var áður yfir þessu svæði þannig að réttinn getur ekki verið mjög gömul. Hún er byggð á milli

stórra steina, í urð.

**SF-081:048** frásögn beitarhús

Samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssyni á Kvískerjum sjást enn leifar af sauðahúsum sem Sigurður Pálsson langafi þeirra byggði í Múlakinn árið 1843. Sigurður flutti til Kvískerja frá Hnappavöllum og taldi aðstæður þarna heppilegar fyrir útbeit. Sú reyndist hins vegar ekki raunin þar sem miklir snjóar voru þarna. Brá Sigurður á það ráð að rúlla snjóboltum niður hliðina ofan við beitarhúsin til að fêð kæmist á beit en ekki varð beitarhúsið langlíft. Samkvæmt Helga og Hálfadáni er húsið komið á kaf í talsverðan gróður þó að veggir sjáist enn. Stafn hússins var úr lerki og stóð nokkuð vel síðast þegar þeir fóru um svæðið.

**SF-081:049** *Einstig* örnefni leið

"Ofan við Bæjarsker heitir Einstig; liggur austan við Bæjarlæk upp á Sláttutorfu, austan við Einstig eru svo Einstigsbrekkur," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Kvísker, 3

**SF-081:050** frásögn óþekkt

Samkvæmt Helga og Hálfadáni Björnssonum var hústöft í landi Kvískerja og muna þeir bræður eftir því að annar veggur hennar hafi verið rifinn og svo byggð rétt við. Í kring er skógur.

**SF-081:051** *Varða Sveins Pálssonar* varða

Í grein eftir Flosa Björnsson í Árbók fornleifafélagsins árið 1974 segir frá vörðu Sveins Pálssonar í Kvískerjafjöllum: "Efst í Kvískerjafjöllum er vörðubrot nokkurt, lágt í loftinu og lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn. Engu að síður er það eitt þeirra mannvirkja 18. aldar sem á sér sögubrot, að vísu eitt hið merkasta í sinni röð. Spillir það og ekki til að hægt er að tímasetja vörðuna með óvenjulegri nákvæmni, raunar upp á klukkustund. En öruggt má telja að Sveinn læknir Pálsson og félagar hans hafi hlaðið vörðuna er þeir gengu á Örafajökul [11. ágúst] 1794 [frá Kvískerjum]." Varða hlaðin af Sveini Pálssyni 11. ágúst 1794 á höfða efst í Kvískerjafjöllum, nú stundum kallaður Sveinshöfði, tæpan 1,5 km norðvestur af Hnútu og mun vera í 780 m.y.s.

Í grein Flosa segir einnig: "Í sinni núverandi mynd er varðan rúmlega hálfan metra á hæð, nærri einn metra í þvermál neðst. Hlaðin að mestu úr hnallungsgriji en þó að nokkru úr helluklumpum neðst. Hellubrot eru við steininn sem varðan stendur á og gætu hæglega einhver þeirra hafa verið úr vörðunni og lausir hnallungar voru við vörðuna um það leyti sem menn fóru að gefa henni gaum í sambandi við jökulgöngu Sveins. Höfðu þeir auðsjáanlega hrunið úr vörðunni. [...] Eins og varðan er nú er efsti hluti hennar ekki allskostar í þeirri mynd sem vörðubrotið var lengi vel; hefur verið gerð upp ekki alls fyrir löngu en mun litlu hærri en vörðubrotið var. Varðan stendur á allstórum steini, nærri mannhæðarháum. Hann er óreglulega fimmhyrndur, ávalur að norðanverðu en með skörðum brúnum á hinar hliðarnar. Dálítill flötur efst, þar sem varðan stendur. Bókstaðurinn [P] er höggvinn í sléttan hallandi flöt ofantil á suðurhlið steinsins. Stafurinn er um 12 sm á hæð, um 4,5 sm á breidd. Hæð frá jörðu að neðri enda stafsins hér um bil 1,10 m. Handbragðið eftir ástæðum hreinlegt og skýrt." Fangamarkið 'P' er einnig klappað á steininn sem varðan stendur á. "Á hólnum nýnefnda byggðum við vörðu úr griji og lögðum ofan á hana danskan eirpening, svo að þeir, er kynnu að vilja feta í spor okkar, geti fundið staðinn, þar sem við gengum á jökulinn." FSP, 493-96.

**Heimildir:** Flosi Björnsson. 1974, 143-46, Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 493-96; Magnús Björnsson. 1974, 143-146

**SF-081:052** *Bakki* heimild um býli

Í Norðanfara er birt ágríp af jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1712. Þar segir: "Bakki er sagt bær heitið hafi fyrir austan Kvía, þar sem hún rann að fornu, eða framundan Kambsmýrarkambi; sjezt ekkert til tópta." "Hér neðan við aurinn er svo með sjó Bakkafjara, sem er eign Sandfells. Sagt er

að hún dragi nafn af býlinu Bakka, sem stóð fyrir austan Kvía," segir í örnefnaskrá. Í Árbók Ferðafélagsins 1979 segir: "Á þessum slóðum er talið hafa verið kotbýli til forna, en ekki eru til eldri heimildir um það en frá því laust eftir 1700. Bakkafjara er enn til, sem talið er að hafi fylgt þessu býli, en hún var komin í eigu kirkjunnar fyrir 1200. Engar sagir eru hins vegar um sel, sem þarna hefur verið og enn sjást greinilegar rústir af, bæði selhúsinu og stekki" Auk þess voru tvö selhús og var annað tveggja faðma langt og rúman faðm að vídd en hitt faðm að lengd og vídd. Tættur Selhúsanna sjást enn og eru einu mannvirkin sem nú sjást sem nefnd eru í umræddri skýrslu." Sigurður Björnsson. 1998, 29."Aftur á móti eru þar rústir af seli sem Brynjólfur Sveinsson biskup átti [...] laust eftir miða 17. öld. Til er lýsing á húsum bæði heima á Kvískerjum og selhúsum frá þeim tíma [...] Engar sagnir eru í sambandi við þetta sel og með öllu gleymt hverslags rústir þetta voru." segir í bókinni Sótt fram.

**Heimildir:**Norðanfari, 43, Ö-Kvísker, 2, Sigurður Björnsson. 1979, 112 og Sigurður Björnsson 1998, 29

**SF-081:053** *Mógil* örnefni mógrafir

"Þá er Litlamýri, svo er Kúaflötur og Krummaskógsalda, sem gengur þar fram á melinn. Þar vestur af með Stóralæk heitir Mógil og Alda er milli Hellisgilslækjar og Stóralækjar," segir í örnefnaskrá.

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista mjög lítil og léleg það sem er."

**Heimildir:**Ö-Kvísker, 1, Magnús Björnsson. 1976, 57





## 5. Niðurstöður

Öræfasveit er að mörgu leyti sérstæð sveit. Í fáum sveitum landsins hefur landslag og gróðurfar tekið eins miklum breytingum í gegnum tíðina og einmitt þar. Gosið 1362 gjörbreytti ásýnd lands og búsetuskilyrðum á svæðinu en ýmislegt fleira hefur haft áhrif s.s. önnur gos, framrás og hop jökla, hlaup í jökulám og breytilegt rennsli þeirra. Um mikið af þessum breytingum vitum við enn lítið. Þekking okkar á sögu sveitarinnar er því mikið mótuð af síðustu öldum enda eru flestar af þekktum ritheimildum um svæðið frá tímabilinu. Á því skeiði er eitt helsta einkenni búskapar í Öræfasveit mikið þéttbýli á fáum túnstæðum og takmarkaðir úthagar utan fjallendis.

### *Umhverfi og náttúrufar*

Jarðir í Öræfum virðast almennt hafa verið fremur lágt metnar eða á bilinu 4 til 12 hdr. Af þeim jörðum sem héldust í byggð fram á 20. öld er Kvísker lægst metin eða á 3-6 hdr. Jörðin sker sig frá hinni dæmigerðu Öræfabbyggð sem við þekkjum í dag að því leyti að þar náði aldrei að byggjast upp þéttbýli. Ýmislegt bendir raunar til að Kvísker hafi alltaf verið á meðal lakari jarða í Öræfum og líklega eru Kvísker eina dæmið um slíka jörð í Öræfum sem haldist hefur í ábúð fram á okkar daga. Búskapur á Kvískerjum hefur sjálfsagt verið stopull í gegnum aldirnar og líklegast hefur bærinn á einhverjum skeiðum aðeins verið nýttur af nærliggjandi jörðum sem selstaða eða fyrir sumararbeit. Sú var einmitt raunin var þegar Sveinn Pálsson kom þangað í leiðangri sínum undir lok 18. aldar.<sup>15</sup>

Stopul ábúð kann að skýra að hluta þá staðreynd að varðveisla örnefna er verri á Kvískerjajörðinni en á flestum öðrum jörðum í Öræfum. Samkvæmt þeim Helga og Hálfáni Björnssonum á Kvískerjum er að finna þétríðið net örnefna á næstu bæjum við Kvísker en þeim stórfækkar um leið og komið er inn í Kvískerjaland og telja þeir bræður að þar kunni að veða þungt hversu lítill samfella hefur verið í byggðinni.<sup>16</sup> En það er fleira en örnefnafæð sem aðgreinir Kvísker frá nágrannajörðum sínum. Veðurfar þar er talsvert frábrugðið öðrum svæðum í Öræfasveit, reyndar svo mjög að Helgi og Hálfán segja jörðina í raun sérstöku veðrakerfi (micro-cosmos). Sem dæmi um þetta má nefna úrkoma á Kvískerjum er meiri en á næstu bæjum, jafnvel stundum tvöfalt meiri en á næsta bæ, Fagurhólsmýri.<sup>17</sup> Raunar eru Kvísker talin sá staður þar sem mest úrkoma er í byggð hér á landi – þó rigningadagarnir séu raunar ekki fleiri en annars staðar heldur aðeins magn úrkomunnar. Ástæður þessa eru lega jarðarinnar undir hlíðum fjalla og

<sup>15</sup> Ferðabók Sveins Pálssonar. 1945, 289-281.

<sup>16</sup> Helgi og Hálfán Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>17</sup> Sömu. Munnleg heimild

jökla þar sem uppstreymi hlýrra og votra suð- og austlægra vindstrauma er mikið.<sup>18</sup> Auk mikillar úrkomu á Kvískerjum segja þeir bræður Helgi og Hálfván að þar sé talsvert snjóþyngra en á flestum bæjum í nágrenninu. Vetrarþeir var alltaf nokkur á jörðinni en samkvæmt þeim Helga og Hálfváni var hún þó verri en víða annars staðar í Örfum. Þetta ráku bæði Sigurður Pálsson langafi þeirra bræðra og Björn Pálsson faðir þeirra sig á þegar þeir fluttu á jörðina. Þegar Sigurður flutti frá Hnappavöllum til Kvískerja taldi hann að það hlyti að vera að hægt að nýta sér betur vetrarþeir í landareigninni. Í þeim tilgangi byggði hann beitarhús í Múlakinn árið 1843 (sjá SF-081:048). Þau reyndust hins vegar mjög óhentug þar sem afar snjóþungt var á svæðinu. Brá Sigurður á það ráð að rúlla snjóboltum niður hlíðina ofan við beitarhúsin til að hreinsa snjó svo að féð kæmist á beit en ekki varð beitarhúsið langlíf. Svipaða sögu er að segja að Birni, föður þeirra bræðra sem var frá Svínafelli og vanur góðri vetrarþeir þar. Hann taldi að það hlyti að vera hægt að nýta vetrarþagana betur og byggði fjárskjól eða rétt (sjá SF-081:045) um eða eftir 1910 við Kvíárjökul, nálægt Dýjalækjum. Svæðið reyndist hins vegar snjóþungt, litla beit var að hafa í kring um réttina og hún var því aðeins í notkun um stutt skeið.<sup>19</sup>

Utan túna á Kvískerjum var lítið beitoland nema til fjalla en fjallendið er fremur gróið og ræktarlegt. Undirlendi suðaustan við bæinn er myndað af árframburði. Það er víðlent - en hefur í gegnum aldirnar oftast verið illnýtanlegt sökum jökulvatna sem runnið hafa um sléttur og spillt landi. Landslag og búsetuskilyrði á Kvískerjum hafa tekið miklum breytingum á 19. og 20. öld sem er mikið umhleypingaskeið í sögu jarðarinnar. Jöklar skriðu fram á 19. öld en hafa á undanförunum áratugum hopað mikið og jökulár og -kvíslar hafa margofter breytt um farvegi.

Að samanlögðu má segja að náttúrufar á Kvískerjum sé nokkuð frábrugðið flestum af þeim jörðum sem enn eru í byggð í Örfum og má í raun réttari teljast nokkuð merkilegt að þar hafi haldist búskapur fram eftir 20. öldinni. Það helgaðist án efa að stóru leyti hugvitsemi og dugnaði bænda á Kvískerjum eins og sést þegar búskaparsaga jarðarinnar á 20. öldinni er skoðuð.<sup>20</sup>

### ***Búskapur á Kvískerjum***

Kvískerjajörðin hefur gjarnan þótt erfið búskaparjörð. Í heimildum var jörðinni oft lýst sem snjóþungri og heyskaparlíttilli. Í eldri lýsingum er gjarnan nefnt að bærinn geti framfleytt einni kú og um 80 fjár en tekið fram að hún sé alveg óhentug fyrir hesta. Á jörðinni þótti gott hellutak og

---

<sup>18</sup> Flosi Hrafn Sigurðsson. 1963, 26-27

<sup>19</sup> Helgi og Hálfván Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>20</sup> Þess má geta að um áratugaskeið á fyrri hluta 20. aldar veitt ríkissjóður ábúendum á Kvískerjum styrk til að geta haldið áfram búsetu þar. Það var talin eina leiðin til að gera búsetu á jörðinni mögulega og slíkt var talið nauðsynlegt þar sem mikið af fólki leitaði til ábúenda um fylgd um sandinn og um jökulveginn á Jökulsá sbr. Árbók Ferðafélagsins. 1937, 32.

þar var skógur lengur en víðast annars staðar í Örafum. Fjara jarðarinnar var talin rekasæl og sel-, fugla- og silungsveiði var þar nokkur.<sup>21</sup>

Um 1860 var búskapur á jörðinni í nokkrum blóma og þá bjuggu þar bræðurnir Þorsteinn og Guðmundur Bjarnasynir sem ákváðu að koma upp tvíbýli. Þeir byggðu annað íbúðarhús til móts við gamla bæinn en áður en að draumar þeirra urðu að veruleika gekk skæð lungnapest um sveitina sem lagði þá bræður báða að velli og gerði út um ráðagerðir þeirra um tvíbýli.<sup>22</sup>

Á síðari hluta 19. aldar hóf Sigurður Ingimundarson búskap á jörðinni. Hann hafði mikinn áhuga á umbótum í landbúnaði og smíðaði m.a. vatnsmyllu (sjá SF-081:026) fyrir heimili sitt á Kvískerjum 1873.<sup>23</sup> Nokkrum áratugum síðar, í upphafi 20. aldar, voru skilyrði til búskapar á jörðinni vægast sagt orðin erfið.<sup>24</sup> Björn Pálsson, faðir Kvískerjasystkinanna, hóf búskap á Kvískerjum um aldamótin 1900. Að sögn Helga og Hálfðans sona hans runnu Hrúta og Múlavísl þá um Eystri-Hvamm, fast austan við bæinn og ógnuðu heimatúninu sem var þegar af skornum skammti. Vestan við bæ voru það svo Eystri-Kvíá og Vattará (Stórilækur) sem eyddu landi. Fljótlega varð orðið nær ómögulegt að framfleyta stórri fjölskyldu með búskap á svæðinu. Sökum þessa íhugaði fjölskyldan á Kvískerjum að yfirgefa jörðina um 1920. Þau hófu leit að hentugri ábúðarjörð og könnuðu möguleika á flutningi til fjarlæggra sveita eins og til Snæfellsness. Ekki fannst hentug jörð og því féllu þessa ráðagerðir niður. Það varð fjölskyldunni á Kvískerjum til bjargar að systir Þrúðar Aradóttur húsfreyju, Guðný, setti saman bú á Fagurhólsmýri um 1920 og Þrúður átti þar fjórðungspart. Þessi partur í landi Fagurhólsmýrar voru góðar engjar og þær ákváðu Kvískerjabændur nýta til að safna heyi fyrir veturinn. Þannig fór að stór hluti heyforðans á Kvískerjum kom mest alla 20. öld, frá Fagurhólsmýri. Þangað er um 16 km leið frá Kvískerjum og á henni yfir fjórar jökulár að fara. Það var því ekki hlaupið að því að heyja á Fagurhólsmýri.<sup>25</sup> Þessi tilhögun gerði það að verkum að stóran hluta sumars var fjölskyldunni á Kvískerjum skipt upp og hafðist hluti við vesturfrá í heyskapartíð. Flutningur á engjaheyinu var tafsamur og erfiður og því var, áður en vélar komu til sögunnar, brugðið á það ráð að flytja ekki allt heyið heldur hafa meirihluta sauðfjár á fóðrum á Fagurhólsmýri stóran hluta vetrar og því þurfti auðvitað einhver heimilismeðlimur að fylgja.<sup>26</sup>

Kvískerjabræður segja búfjáreign Kvískerja í grunninn hafa verið svipaða eins langt og þeir muna. Algengast var að þar væru tvær mjólkandi kýr en auk þess gjarnan einn vetrungur og

---

<sup>21</sup> Sjá t.d. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.1990, 434 og Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu, 1997, 150.

<sup>22</sup> Sigurður Björnsson. 1998, 34.

<sup>23</sup> Helgi Björnsson. 1998, 69

<sup>24</sup> Sjá t.d. Þorsteinn Jóhannsson. 1998, 18-19

<sup>25</sup> Helgi og Hálfðán Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>26</sup> Þorsteinn Jóhannsson.1998, 19.

naut. Það var nauðsynlegt að hafa naut á bænum þar sem það þótti of langur vegur að sækja naut af næstu bæjum. Auk þessa voru þar 120-150 kindur. Reynt var að láta kindurnar ganga úti eins lengi og hægt var en þær voru þó oftast teknar á hús fyrir jól í þeirra tíð.<sup>27</sup>

Sauðfjárrækt var framan af nokkuð óhefðbundin á Kvískerjum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Helgi og Hálfán Björnssynir höfðu frá föður sínum voru engin fjárhús nema lambhús í túni á Kvískerjum fyrr en eftir 1850. Þess í stað hafi annað fé verið látið ganga úti og í mesta lagi haft í skýlum og hellisskútum. Enginn túngarður var heldur umhverfis túnin á Kvískerjum og segja þeir bræður svo hafi verið eins langt og þeirra heimildamenn þekktu – og mögulega ætíð. Til að halda skepnum frá heimatúninu í tíð þeirra bræðra var hundur þjálfður til að sofa á daginn og vaka á næturnar og verja túnin og gaf það ágæta raun. Þegar fráfarur voru stundaðar á Kvískerjum reyndist mjög erfitt að halda mjólkandi ánum heimavið enda leituðu þær stanslaust upp í fjallendið. Þetta var ein helsta ástæða þess að fráfarur var hætt fremur snemma á Kvískerjum.<sup>28</sup>

Þrátt fyrir að hin hefðbundna búfjárrækt héldist svipuð í gegnum árum voru Kvískerjabændur sífellt að reyna að bæta lífsafkomu sína með einhverjum ráðum. Á fyrri hluta 20. aldar héldu þeir t.d. geitur á jörðinni um skeið. Upphaf geitabúskapar var það að geitaræktandi að austan hafði viðkomu á jörðinni á leið sinni suður og ráðlagði þeim eindregið að koma sér upp geitum enda hlyti geitabúskapur að vera upplagður á slíkri jörð þar gott fjallendi var til staðar en heyfengur lítill og torsóttur. Það var úr að þetta ráð var tekið. Snemma á 4. áratugnum var hafinn geitabúskapur á Kvískerjum og voru geiturnar fluttar frá Fljótsdalshéraði. Í fyrstu voru geiturnar hafðar í helli sem var að hluta manngerður í Vestrihvammi skammt suðvestan við bæ (sjá SF-081:024). Árið 1936 var hins vegar byggður sérstakur geitakofi heima í túni fyrir þær (SF-081:004). Yfirleitt héldu Kvískerjabændur 12-14/16 geita hóp. Á fimmta áratugnum tók ref að fjölga í fjallendinu ofan við bæinn og í kjölfarið fóru heimtur af geitum af fjalli versnandi. Þetta olli því að árið 1946 var ákveðið að hætta geitabúskap. Aðrar tilraunir til nýjunga í búrekstri voru t.d. ræktun aligæsa og silfurrefs/rauðrefs. Aligæsir voru fengnar að Kvískerjum á 4. áratugnum en þær voru ekki haldnar lengi og svipaða sögu var að segja af silfurrefnum en hvort tveggja var búið að gefa upp á bátinn áður en 20. öldin var hálfnuð. Þeir Helgi og Hálfán segja að á kreppuárunum hafi verið sérlega erfitt um búskap á Kvískerjum og því hafi verið reynt ýmislegt til að ná að fæða og klæða fjölskylduna.<sup>29</sup> Um þessar tilraunir vitna enn nokkuð af mannvistarleifum. Hellirinn góði í Vestrihvammi er sýnilegur en geitakofinn heima í túni er horfinn. Kofinn sem reistur var úr torfi og grjóti fyrir alifuglana stendur enn (SF-081:005) þó að

<sup>27</sup> Helgi og Hálfán Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>28</sup> Sömu. Munnleg heimild.

<sup>29</sup> Sömu. Munnleg heimild.



hann hafi fengið nýtt hlutverk eftir að alifuglaræktinni lauk. en þar inni var dráttarvélin geymd fyrsta árið sem hún kom til Kvískerja.<sup>30</sup>

Það sem e.t.v. má segja að eitt helsta einkenni sögu Kvískerja á 20. öld, auk hraðra umhverfisbreytinga, séu sífelldar tilraunir Kvískerjabænda til að bæta jörð sína og búskaparskilyrði. Á áttunda áratug 19. aldar var byggð mylla á jörðinni (SF-081:026). Hún var síðar endurbyggð (SF-081:033) og í notkun allt fram á seinni heimstyrjaldarárin þegar að ekki tókst að fá ómalað korn vegna styrjaldarinnar sem þá geisadi.<sup>31</sup> Rústir yngri myllunnar á Kvískerjum eru enn vel greinilegar upp við Bæjarlækinn en ummerki um þá eldri eru horfin í árruðning. Árið 1927 var komið upp rafstöð á Kvískerjum (SF-081:038) sem var tvisvar endurbyggð á öldinni (SF-081:013). Yngsta rafstöðin var byggð árið 1967 og er enn í notkun og viðhaldið af þeim Helga og Hálfáni og ummerki um eldri rafstöðvar eru enn greinileg.

Miklar breytingar urðu á búskaparskilyrðum á Kvískerjum árið 1939 þegar Hrúta sem hafði gjarnan flætt um sandana neðan við bæinn og oft ógnað heimatúninu, flutti sig í fastan farveg. Eftir það var heimatúni Kvískerja óhætt og Kvískerjabændur tóku upp talsverða nýrækt túna, bæði í Vestarhvammi og á aurunum suðaustan við heimatúnið. Á síðari hluta 20. aldar hafa svo jöklar hopað mikið og búsetuskilyrði á jörðinni almennt batnað. Svo mikið að því var haldið fram að jörðin sem í upphafi 20. aldar var rétt megnug að fóðra eina kú var um 50 árum síðar talin geta fóðrað 15-20 kúr auk þess að standa undir góðri hrossabeit.<sup>32</sup> Árið 1966 var síðast heyjað við Salthöfða í landi Fagurhólsmýrar enda var það ekki lengur nauðsynlegt fyrir búreksturinn á Kvískerjum þar sem búíð var að rækta upp góð tún heima. Á síðustu árum hefur gróðurfar á jörðinni tekið miklum breytingum bæði vegna hlýnandi loftslags og minnkandi fjárbeitar, birki er í örum vexti og grasvöxtur hefur einnig margfaldast.

### ***Efnismenning og byggingaarfur***

Svo virðist sem húsakostur í Örafunum hafi lengi þótt í betra lagi. Þorvaldur Thoroddsen sem ferðist um Örafin 1894 minnst á þetta og getur þess að þar hafi stöndugur rekaviður verið notaður í húsbyggingar og stofuhús verið á flestöllum bæjum.<sup>33</sup> Samgöngur, eða samgönguleysi, réði því að þróun í húsagerð varð þar hægari en víða annars staðar á landinu. Því var flutningur á þakjárnri eða timbri ekki stundaður fyrr en eftir að báturinn “Skaftfellingur” hóf ferðir um 1919 en eftir það tók húsagerð að taka nokkrum breytingum, þótt hægt og bitandi hafi verið.

Ráðandi byggingarefni í Örafum var þó grjót sem notað var í flesta vegg fram á 20. öld. Á Kvískerjum voru raunar byggð hús eftir gamalli byggingarhefð fram eftir 20. öld. Samkvæmt

<sup>30</sup> Helgi og Hálfán Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>31</sup> Helgi Björnsson. 1998. 68-71

<sup>32</sup> Magnús Björnsson. 1976, 57-58.

þeim bræðrum Helgi og Hálfadáni var þetta gert af gömlum vana Á 6. áratugnum hlustuðu þeir á viðtal við Tómas Tryggvason, jarðfræðing í útvarpinu, þar sem hann talaði um að það væri alveg orðið úrelt að hlaða byggingar úr grjóti og það gerði vart nokkur maður lengur. Þeir bræður segjast þá hafa hugsað með sér að það væri auðvitað rétt og hættu steinhleðslu eftir það.<sup>34</sup>

Eitt helsta einkenni húsa á Kvískerjum eru hellupök. Öll hús voru áður undir hellupaki sem borin voru uppi af stöndugum rekavið.<sup>35</sup> Í landi Kvískerja var nóg af góðu grjóti til bygginga, sérstaklega í Bæjarskerinu (sjá fornleif SF-081:010) þar sem m.a. var að finna góðar þakhellur.

Hellupökin voru jafnan borin uppi af sterkri rekaviðargrind og hann gjarnan notaður í þiljur og aðrar húsbyggingar. Kvísker áttu, eins og aðrar jarðir í Örafum, rekafjöru og var vanalega nægan við að hafa í húsbyggingar, bæði þil og grindur. Talsverð vinna var að draga rekaviðinn heim en til þess voru notaðir hestar eins og hægt var og kerrur eftir að þær komu til sögunnar.

Skógur var á Kvískerjum lengur en á öðrum jörðum í Örafum að frátöldu Skaftafelli. Skógurinn var fyrst og fremst nýttur til eldiviðar eins lengi og þeir bræður Helgi og Hálfadán muna. Þeir segja að gjarnan hafi verið aflað eldiviðar á haustin og reynt að koma viðnum heim fyrir veturinn en í slíkum ferðum hafi menn jafnan “lagt upp” til ársins. Timbur var aðal eldsmatur jarðarinnar því að mótekja var þar lítil og léleg þar sem hún fannst. “Skán” eða tað var þó notað einstöku sinnum en samkvæmt þeim bræðrum var ekki var mikið af henni, þar sem fé var lítið í húsum og gjarnan talið mikilvægara að geyma þá litlu skán sem safnaðist til að bera á túnin.

Í heimatúni Kvískerja eru enn talsverðar mannvistarleifar sem vitna til um sögu jarðarinnar og búskap. Bæjarhúsin standa á svipuðum slóðum og líklegt er að þau hafi gert um aldir (sjá SF-081:001). Húsasamstæðan sem nú stendur á Kvískerjum er byggð 1928, 1945 og 1975 og má lesa framþróun húsagerðar á 20. öld í bæjarröðinni. Húsin standa í röð á bæjarstæðinu og er innangengt á milli þeirra allra. Á ljósmyndum frá 20. öld (sjá fornleif 081:001) má sjá hvernig bæjarröðin breyttist smám saman og enn eru eftir hús úr grjóti og timbri í henni og að auki eru norðaustast í bæjarröðinni tóftir fjóshlöðu og skemmu og smiðja undir þaki. Að húsabaki er s.k. Norðurhús (SF-081:002) sem gegndi ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina en var endurhlaðið úr stuðlabergi af Kvískerjabræðrum á síðari hluta 20. aldar og þar voru síðast geymdar geysistórar frystikistur sem rúmuðu h.u.b. ársforða fjölskyldunnar af frystivöru.

---

<sup>33</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1895, 261-262.

<sup>34</sup> Helgi og Hálfadán Björnssynir. Munnleg heimild.

<sup>35</sup> Með tilkomu bárujárnsins um 1900 fór húsagerð á svæðinu að breytast, fyrst á íbúðarhúsum en síðar einnig útihús. Upp úr 1940 taka steinsteypt hús að verða algengari og síðan þá hafa einkenni bygginga á svæðinu tekið miklum stakkaskiptum sbr. Sigurður Björnsson. 1979, 34-35

Auk bæjarhúsanna sjálfra eru fjölmörg hús úr grjóti og tímbrí í heimatúninu. Oftast er þekkt hvenær húsinn voru endurbyggð síðast, gjarnan um eða upp úr miðri 20. öld. Oftast er hins vegar lítið sem ekkert vitað um upphaf eða aldur elstu mannvistarleifa á hverjum stað. Í einstaka tilfalli hefur þó niðurgröftur í heimatúninu veitt svolitla sýn lengra aftur í tímann. Áður er getið niðurgrafter og prufuskurðar í bæjarhóllinn sem sýndi að þar hefur verið e.k. búseta allt frá 10.-11. öld en auk minja í bæjarhól hefur verið komið niður á fornar mannvistarleifar á a.m.k. fjórum öðrum stöðum og á þremur þeirra fundust búsetuleifar væru undir gjóskulaginu frá 1362 samkvæmt Kvískerjabræðrum.

Um 20 m fyrir ofan bæinn á Kvískerjum er snotur tóft sem kölluð er Lambakofi (SF-081:003). Þar var upprunalega hesthús en þegar það var endurbyggt á 20. öld og breytt í lambhús var grafið niður á vikurskafl sem greinilega var talin frá 1362. Í honum fannst svo stoðarhola niður á stoðarstein fyrir neðan lagið. Samkvæmt þessu má því ætla að þarna hafi verið hús þegar gjóskan úr Örafajökli féll árið 1362. Mannvistarleifar langt undir sverði fundust einnig á tveimur stöðum á s.k. Hóli skammt vestan við bæ. Þar hafa staðið nokkur útihús svo lengi sem elstu menn muna. Á fjórða áratug 20. aldar var byggður geitakofi norðaustast á hólnum (SF-081:004). Við byggingu hans var komið niður á greinilegt, aflangt hús um 1 m neðan við yfirborð. Engin ummerki sjást nú lengur um geitakofann en á hólnum eru tóftir tveggja húsa. Allra suðvestast á hólnum var svo grafin kartöflugeymsla á 9. áratug 20. aldar. Við þann gröft var komið niður á talsverðar mannvistarleifar undir gjósku sem var klárlega talin frá 1362 (Sjá SF-081:029). Fjórði staðurinn þar sem komið hefur verið niður á forna mannvist í og við heimatún Kvískerja er í Vestrihvammi skammt vestan við bæ en þar kom Sigurður Björnsson niður á e.k. varnargarð (SF-081:032) undir gjóskunni frá 1362 við vinnslu túna.

Aðrar þekktar mannvistarleifar í og við heimatún Kvískerja eru flestar á óræðum aldri en eiga það sameiginleg að hafa verið í notkun fram á 20. öld. Flest húsanna tengdust sauðfjárrækt á einum eða öðrum tímamarki (sjá *töflu 1*).

<i>Samtala</i>	<i>Heiti</i>	<i>Síðasta blutverk</i>	<i>Eldra blutverk</i>	<i>Aldur</i>	<i>Ástand</i>
SF-081:003	Lambakofi	Lambhús	Hesthús	Elstu minjar fyrir 1362	Tóft sést
SF-081:004		Geitakofi	Haughús?	Elstu minjar 1 m neðan yfirborðs	Horfið
SF-081:005	Sumarfjós	Fjánhús	Fjós	Óþekkt	Tóft sést
SF-081:007	Ærhús	Fjánhús	-	Óþekkt	Horfið
SF-081:008	Sumarfjós	Fjánhús	Fjós	Óþekkt	Horfið
SF-081:014		Lambhús	-	Óþekkt	Stendur undir þaki
SF-081:017		Lambhús	-	Óþekkt	Tóft sést
SF-081:019		Hesthús	-	Óþekkt	Horfið
SF-081:029		Kartöflugeymsla	óþekkt	Elstu minjar fyrir 1362	Nýlegt hús undir þaki

SF-081:036		Fjánhús, hlaða o.fl.	-	Um 1950	Standa undir þaki
SF-081:040		Útihús	-	Óþekkt	Horfið
SF-081:041		Útihús		Óþekkt	Horfið

Líkt og Kvískerjabræður bentu á er vart að finna önnur fjánhús í túni en lambhús þar til á 20. öld og er athyglisvert hvernig hesthúsum og sumarfjósum virðist hafa verið breytt í fjánhús þegar fram liðu stundir. Hesthús var sambyggt gamla bænum en hesthús var einnig á tveimur öðrum stöðum í túninu en þau virðast bæði komin úr notkun á undan flestum af fjánhúsunum. Fjós var innan bæjarsamstæðunnar en að auki eru þekkt tvö sumarfjós í heimatúninu.

Auk útihúsanna sjálfra voru margvíslegar aðrar minjar í heimatúninu. Áður hefur verið getið hesthúss, fjóss, smiðju og búrs í og við bæjarhúsin en þar voru líka kálgarður (SF-081:006) og brunnur (SF-081:035). Vestan við tún var náttthagi sem enn má greina hleðslu af (SF-081:027), ofan við hann var áður umgetinn geitahellir (SF-081:024) og allra norðaustast í túni var áður rétt (SF-081:018) þar sem síðar var byggð útihúsasamstæða sem enn stendur.

Utan túna voru skráðir minjastaðir í og við Bæjarsker, til norðausturs í Eystrihvammí og að Heiði en til suðvesturs var Vesturhvammur skráður og Mosar, suður að Litlumýri. Þær fornleifar sem skráðar voru utan túna voru margvíslegar. Þegar er getið um rafstöðvar, myllur og hellutak en auk þeirra var skráð vel greinileg refagildra á Gontunum í Heiðinni (SF-081:011) og Grettistak (SF-081:023) nokkru austar á sama svæði. Neðan heiðinnar og utan í Austurhvammí var svo skráð hlaðið fjárskýli utan í kletti. Á Bæjarskeri voru skráðar tvær litlar tóftir sem gætu hafa verið skotbyrgi (sjá SF-081:012 og SF-081:025), svokölluð Mikkelsenvarða (SF-081:037) sem danskir landmælingamenn hlóðu 1904 og kletturinn Fiskiklettur (SF-081:034) en þar var fiskur sem fékkst við fiskireka þurrkaður. Í Bæjargili var skráð hlaðin sundlaug (SF-081:016) neðan áðurgetinna leifa af rafstöð og myllu og í Vesturhvammí var skráð grjóthleðsla sem greinilega hafði verið borin saman af mannahöndum en í óræðum tilgangi (sjá SF-081:028).

Auk fyrrgreindra fornleifa voru fjórar leiðir skráðar að þessu sinni. Tveir leiðanna voru í raun heimreiðin að Kvískerjum. Fram til um 1917 lá hún þvert í gegnum heimatúnið að bæ úr austri en beygði þar í 90° og lá niður túnið, til suðurs (SF-081:039). Einmitt þannig er heimreiðin er teiknuð á kort herforingjaráðsmanna frá 1904. Árið 1916 varð nokkur bylting í Öræfum þegar hjólið kom í sveitina og í kjölfar þess urðu kerrur algengar. Á Kvískerjum olli þetta vandræðum þar sem suðurhluti heimreiðanna voru þröngar traðir sem engin leið var að fara um með kerru. Sökum þessa var ákveðið að fella þennan hluta heimreiðarinnar úr notkun en byggja þess í stað kerrufæra heimreið í beinu framhaldi af bænum til vesturs, á þeim slóðum sem vegarslóði að bænum liggur nú. Þegar túnakort fyrir jörðina er gert um 1920 eru þessar breytingar um garð gengnar og nýja heimreiðin (SF-081:009) er merkt inn á túnakortið. Fyrsti bíllinn kom á svæðið



1943 og veturinn 1953-1954 var keyptur vörubíll að Kvískerjum. Þar með lauk hinni stuttu sögu hestakerrunnar á svæðinu.

Samgöngur og samgönguleysi er eitt af því sem mótaði sögu Örfæfa hvað sterkast fram á 20. öld. Fram til 1918 þurftu Örfæingar að sækja verslun um langan veg, á Höfn í tíð Hansakaupmanna en síðar alla leið á Djúpavog. Árið 1918 hóf vélbáturinn Skaftfellingur siglingar með vörur og breytti það talsvert aðstæðum í sveitinni.<sup>36</sup> Kvísker gegndu um aldir mikilvægu hlutverki fyrir ferðamenn á þessum slóðum sem oft þurftu að reiða sig á leiðsögn og hjálpsemi heimamanna til að fara yfir jökulár á svæðinu. Sökum þessa var ætíð talsvert álag á heimilinu á Kvískerjum enda gestir tíðir. Auk heimreiða voru skráðar þjóðleiðir frá Kvískerjum bæði til austurs og vesturs. Til vesturs lágu Kirkjugötur (SF-081:015) að kirkju að Hnappavöllum og áfram um sveitina. Götturnar má greina mjög vel á loftmynd fornum loftmyndum en hafa að talsverðu leyti horfið í mosabekjuna vestan við bæinn á undanförunum áratugum þó enn megi sjá móta fyrir þeim á köflum. Til austurs var leið sem m.a. var farin til kaupstaðar á Höfn á árum áður. Síðasti spölurinn heim að Kvískerjum er enn varðaður og þar eru átta reisulegar vörður (SF-081:031). Óverulegri götur (SF-081:022) lágu frá bæ með Bæjarskeri og áfram til norðurs við Stöðuvatnið og upp á Sker. Þessar götur voru notaðar til að fara að vatni og upp á Skerið t.d. þegar farið var með hesta í bithaga.

Minjarnar sem enn á eftir að skrá á jörðinni eru bæði ofar í fjallendinu, neðar á sandinum og í átt á landamerkjum til suðurs og norðurs. Þar leynast fjölbreyttar minjar (sjá SF-081:042-053), m.a. sel, beitarhús, vörður og leiðir. Til að ljúka skráningu á minjum í landi Kvískerja þarf að afla frekari styrkja og er það einlæg ósk höfundar þessarar skýrslu að það takist á næstu misserum.

---

<sup>36</sup> Sigurður Björnsson. 1979, 35.



## 6. Lokaorð

Í landi Kvískerja eru þekktar 53 fornleifar. Að þessu sinni fékkst ríflega helmingur af þeim styrk sem þurfti til að ljúka skráningu á jörðinni. Hann var nýttur til skráningar á 41 minjastað og til að taka viðtöl við þá Helga og Hálf dán Björnssyni, ábúendur, um fornleifar og fyrri tíma. Fornleifarnar sem skráðar voru reyndust afar fjölbreytilegar. Sumir minjastaðanna búa klárlega yfir mikilli sögulegri dýpt enda hefur niðurgröftur sýnt fram á mannvistarleifar undir gjóskulagi frá 1362 á nokkrum stöðum. Aðrir staðanna eru raunar of ungir til að geta talist til fornleifa samkvæmt skilningi laganna sem tekur aðeins til minjastaða sem eru 100 ára og eldri. Við skráningu á Kvískerjum var ákveðið að fylgja víðari skilgreiningu og því voru allir þeir staðir sem taldir voru byggðir samkvæmt fornri hefð skráðir. Þetta var m.a. gert þar sem það þótti mikilvægt að safna sem mestu af þeim upplýsingum sem þeir bræður Helgi og Hálf dán luma á varandi hús og mannvirki á jörð sinni enda gefa þær fágæta innsýn í þróun búskaparháttanna á jörðinni.

Á 20. öldinni hafa íbúar Örefa upplifað stærri breytingar en á margir aðrir landsmenn. Hlýnandi veðurfar hefur haft gríðarlegar afleiðingar fyrir sveitina og í kjölfarið hefur gróðurfar tekið miklum breytingum og ásýnd lands breyst meira en víða annars staðar þar sem áhrifa jökla gætir minna. Byggingararfur svæðisins og búskaparhættir hafa einnig tekið stakkaskiptum. Aldraðir Örefingar sem muna tímanna tvenna: horfna búskaparhætti, aflagðar tóftir og gömul munnmæli. Allt eru þetta afar mikilvægir þættir við skráningu menningararfsins. Á þeim, eins og öllu, bitur tímans tönn og þeim fer fækkandi sem muna mikilvæg umbrotaár á fyrri hluta 20. aldar og horfna búskaparhætti. Það er því brýnt verkefni að halda áfram skráningu í Örefum eftir að skráningu á Kvískerjajörðinni lýkur.

Hér á árum áður var það var oft nefnt sem dæmi um hversu afskekkt Örefin væru að þar fyndust hvorki mús né rottur og jafnvel ekki kettir.<sup>37</sup> Haustið nokkurn rétt eftir miðja 20. öld voru þeir Helgi og Hálf dán að sýsla eitthvað í Bæjargilinu skammt fyrir ofan bæinn á Kvískerjum. Þar stóð mikill klettadrangi sem kallaður var Kerling en í einhverjum hræringum hafði höfuð Kerlingar steypst af og ofan í gilið. Þennan dag var nýfallinn snjór og þegar þeir bræður ganga fram hjá Kerlingarhöfðinu taka þeir eftir slóð í snjóinn sem var ólík öðrum slóðum sem þeir þekktu. Eftir nokkrar vangaveltur komust þeir að þeirri niðurstöðu að þetta gæti vart verið annað en mús þó að mús hefðu fram að þessu aldrei sést í Örefum. Þeir ákváðu að kanna málið og von bráðar fengu þeir grun sinn staðfestan. Þeir bræður settu þegar í stað upp gildru og náðu fljótlega músinni. En allt kom þó fyrir ekki og útbreiðsla músastofnsins í Örefum varð á næstu árum að

---

<sup>37</sup> Árbók Ferðafélagsins 1937, 10.

veruleika. Ef til vill var þetta táknrænt – koma og útbreiðsla músastofnsins var í raun óhjákvæmileg eftir að einangrun svæðisins var rofin og svipaða sögu er að segja um nútímann. Sveitin þeirra hefur breyst frá því að vera ein einangraðasta byggð landsins í að vera einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna hér á landi. Á síðustu árum hefur fjöldi aðkomumanna í Örfum margfaldast og er svo komið að tugir þúsunda leggja leið sín í sveitina á ári hverju. Þessi mikli fjöldi skapar álag á gróður, mannvistarleifar og mannvirki í sveitinni en í honum felast líka mikil tækifæri, t.d. til að miðla menningararfi svæðisins og til að vernda hann til framtíðar.

Ljóst er að heildarskráning á minjum í Örfum hefur alla burði til að verða mikilvægur upplýsingagrunnur fyrir framtíðina og gæti hún orðið mikilvægur grunnur að frekari rannsóknum og kynningu á menningararfinum á svæðinu.



## Heimildaskrá

*Árbók Ferðafélags Íslands: Austur-Skaftafellssýsla: Austur Skaftafellssýslu.* 1937. Reykjavík.

*Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenszka bókmenntafélagi* I-II. 1858-1878. Kaupmannahöfn.

Bjarni F. Einarsson. 1999. *Kvísker : fornar minjar djúpt í jörðu: skýrsla yfir þrúfubolugróft haustið 1999.* skýrsla 1. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2010. *Kvísker : fornar minjar djúpt í jörðu: skýrsla yfir þrúfubolugróft haustið 2010.* skýrsla 2. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Lund: Institute of Economic History, Lund University.

*Diplomatarium Islandicum eða Íslenszket fornbréfasafn* I-XVI (DI). 1853-1976.. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Einar G. Jónsson. 1998. “Endurminningar frá Kvískerjum” kafli í *Kvískerjabók.* bls. 25-27.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2011. *Fornleifar í Örafum: Heimildaskráning.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer: FS456-09011.

Flosi Björnsson. 1974. „Varða Sveins Pálssonar í Kvískerjafjöllum.“ *Árbók hins íslenszka fornleifafélags 1974.* Hið íslenszka fornleifafélag, bls.143-146.

Flosi Hrafn Sigurðsson. 1963. “Úrkoma á Kvískerjum í Örafum”. *Veðrið.* 8. árgangur 1. tbl: 26-27.

*Ferðabók Sveins Pálssonar : dagbækur og ritgerðir 1791-1797.* 1945. Jón Eypórsson (ritstjóri). Reykjavík, Snælandsútgáfan.

Helgi Björnsson. 1998. “Vatnsmyllan á Kvískerjum”. Kafli í *Kvískerjabók,* bls. 68-71.

Henderson, Ebenezer. 1957. *Ferðabók: frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík.* Reykjavík. Snæbjörn Jónsson.

Hjörleifur Guttormsson. 1993. “Við rætur Vatnajökuls: byggðir, fjöll og skriðjöklar.” *Árbók Ferðafélags Íslands.* Reykjavík. Ferðafélag Íslands.

Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson (1997). *Leynardómar Vatnajökuls: viðerni, fjöll og byggðir: stórbrotin náttúra, eldgos og jökullblaup.* Reykjavík. Fjöll og firnindi.

Ives, Jack D. 2007. *Skaftafell í Örafum: Íslands þúsund ár.* Reykjavík. Ormstunga

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín* 1-13. 1990. Kaupmannahöfn (1913-43). Reykjavík

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi.* 1847. Kaupmannahöfn.

Konungsannáll, IA: Storm, Gustav: *Íslandszke Annaler indtil 1578.* 1888,. Kristjánía.

ÍF I-XIV: *Íslenszke fornrit I-XIV.* 1936-1986. Reykjavík

- Kristian Kálund. 1984-86. *Íslenzkær sögustaðir I-IV*. Reykjavík. Örn og Örlygur
- Magnús Björnsson. 1976. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- Norðurfari*. 1848. Kaupmannahöfn. Gísli Brynjúlfsson og Jón Þórðarson.
- Sigurður Björnsson. 1963. „Lækjarfarvegur lagaður til á 14. öld.“ *Árbók hins íslenszka fornleifafélags* 1963. Hið íslenszka fornleifafélag, bls. 110-111.
- Sigurður Björnsson. 1979. *Árbók Ferðafélagsins: Örafasveit*. Reykjavík
- Sigurður Björnsson. 1998. „Kvísker: ábúendur og saga“. Kafli í *Kvískerjabóke*, bls. 28-43.
- Sigurður Þórarinnsson. 1979. *Hérað milli sanda og eyðing þess*. Lesarkir Náttúruverndarráðs 2. Reykjavík. Náttúruverndarráð.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873: Skaftafellssýsla. 1997. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík.
- Sturlunga saga* I-II. 1946. Reykjavík.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1895. „Ferð um Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslur sumarið 1894.“ *Andvari: tímarit hins íslenszka þjóðvinafélags*, 20. Árg., bls. 47.
- Þorsteinn Jónsson. 1998. „Kvísker“. Kafli í *Kvískerjabóke*, bls. 18-24.

### Óprentaðar heimildir:

- Björn Gísli Arnarson et. al. 1999. *Menningarminjar í Örafum Austur-Skaftafellssýslu: svæðisskráning*. Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu.
- Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1904. Landmælingar Íslands.
- Óútgefinn uppráttur Sigurðar Björnssonar af túninu á Kvískerjum – í eigu Helga og Hálfðans Björnssonar.
- SPOT-5 gervihnattamyndir í eigu Fornleifastofnunar Íslands.
- Túnakort frá um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Ö-Kvísker. Ókunnur skrásetjari. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Hnit í Landshnitakerfi

Samtala	Austur	Norður
SF-081:001	625533.9	388614.04
SF-081:002	625519.7	388612.46
SF-081:003	625550.47	388639.29
SF-081:004	625502.94	388576.17
SF-081:005	625496.63	388570.25
SF-081:006	625536.86	388600.63
SF-081:007	625592.29	388589.19
SF-081:008	625602.74	388549.15
SF-081:009	625527.2	388604.57
SF-081:010	625286.77	389090.36
SF-081:011	625504.12	389552.29
SF-081:012A	625409.84	389037.9
SF-081:012B	625391.3	389042.43
SF-081:013	625247.52	389080.5
SF-081:014	625621.48	388717.98
SF-081:015	625706.29	386832.81
SF-081:016	625427	388630.8
SF-081:017	625593.86	388667.69
SF-081:018	625619.5	388735.34
SF-081:019	625563.88	388651.51
SF-081:020	625577.3	388554.67
SF-081:021	625689.33	389364.72
SF-081:022	625354.03	389385.82
SF-081:023	625840.01	389476.55
SF-081:024	625368.23	388493.53
SF-081:025	625305.7	389034.94
SF-081:026	625699.19	388938.49
SF-081:027	625384.4	388467.89
SF-081:028	625302.94	388234.56
SF-081:029	625490.12	388564.14
SF-081:030	625541	388608.12
SF-081:031A	625769.8	388725.87
SF-081:031B	625815.56	388744.41
SF-081:031C	625874.13	388773.41
SF-081:031D	625981.23	388823.31
SF-081:031E	626087.15	388872.02
SF-081:031F	626170.58	388913.25
SF-081:031G	626236.85	388944.8
SF-081:031H	626303.12	388976.16
SF-081:032	625383.41	388426.67
SF-081:033	625336.27	388758.81
SF-081:033	625360.14	388742.05
SF-081:034	625450.08	388802.99
SF-081:035	625558.95	388607.93
SF-081:036	625621.28	388755.06
SF-081:037	625466.45	389035.53
SF-081:038	625364.87	388724.1
SF-081:039	625561.32	388576.76
SF-081:040	625466.84	388616.41
SF-081:041	625495.64	388646.39